

Nd.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki sízt með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir piltá og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem löggin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekkni menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. KAFLI

Um námsefnið.

9. gr.

a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b) Námsefni skólanna skal vera þrjúþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta náms-efni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

IV. KAFLI

Um námsáfangi og próf.

10. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfanga (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

11. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrir- mælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er heimili, að mennta- skólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

12. gr.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skipar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið próf- dómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI
Um starfslið skólanna.

13. gr.

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarstjórar**, er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Yfirkennarar**, sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
5. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
6. **Félagsráðunautar**, er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi**, er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri**, er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður**, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður**, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja**, er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C. Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

14. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan náms tíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórn kennslu í hverri grein.

Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskað að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda yfirstjórn skólanna beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef yfirstjórn skólanna telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Yfirstjórn skólanna veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Yfirstjórn skólanna setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

19. gr.

Heimilt er yfirstjórn skólanna að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

VI. KAFLI

Um húsrými og tæki.

20. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhöfðu (sbr. 21. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum

nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Yfirstjórn skólanna skal setja sérstaka reglugerð, þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

21. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 20. gr.

Kennslustofur skólanna skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Yfirstjórn skólanna skal, strax eftir gildistöku laganna, semja skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið. Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.). Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Skólastjórn fer með öll þau málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í reglugerð. Um skipan skólaráðs, starfstíma þess og starfsháttu skal að öðru leyti kveðið á í reglugerð.

23. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu yfirstjórnar skólanna.

24. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

25. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Setja skal í reglugerð sérstök ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

IX. KAFLI

Um reglugerð fyrir skólana.

26. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsrangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

X. KAFLI

Um gildistöku laganna.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 58/1946, um menntaskóla, og önnur ákvæði, er fara í hág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um menntaskóla var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er það nú lagt fram á ný með þeim breytingum, sem á því höfðu verið gerðar í meðförum Alþingis.

Í 1. gr. frv. eftir breytingar Alþingis segir, að menntaskólar skuli vera svo margir sem þörf sé á, „þar á meðal tveir í Reykjavík“ o. s. frv. Þessu hefur menntamálaráðuneytið breytt þannig, að í stað „tveir“ kemur: „a. m. k. þrír“. Þessi breyting er gerð vegna þess, að í sumar var stofnaður þriðji menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Tjörnina.

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram fylgdi því svofelld greinargerð:

„Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði snemma árs 1963 til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Nefndin skilaði ráðuneytinu tillögum í frumvarpsformi með bréfi, dags. 20. nóvember 1968. Fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Hinn 7. marz 1963 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðar ákvæði um menntaskóla.“ Í nefndina voru skipaðir: Kristinn Ármannsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, formaður, Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson, skóla-

meistari Menntaskólans á Laugarvatni, dr. Jón Gíslason, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Þórarinn Björnsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Árna Gunnarssyni, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors, og gegndi hann því starfi þar til í janúar 1966. Hinn 1. september 1965 skipaði ráðherra í nefndina þá Einar Magnússon, rektor, er tekið hafði við stöðu rektors Menntaskólans í Reykjavík, og Guðmund Arnlaugsson, rektor hins nýstofnaða menntaskóla við Hamrahlíð. Loks tók Steindór Steindórsson sæti í nefndinni haustið 1967, er hann hafði verið settur skólameistari Menntaskólans á Akureyri.

Kristinn Ármannsson gegndi formennsku í nefndinni, þar til hann lézt í júní 1966. Þá var Þórarinn Björnsson skipaður formaður, en vegna veikinda hans tók Jóhann S. Hannesson við formennsku í ágúst 1966, og var hann skipaður formaður eftir lát Þórarins Björnssonar í febrúar 1968.

Í árslok 1965 tók þáverandi formaður, Kristinn Ármannsson, saman „Stutta bráðabirgðaskýrslu um störf menntaskólaneftndar“ (fskj. 1). Visast til þeirrar skýrslu um störf nefndarinnar fram að þeim tíma. (Þó með þeim sjálfsgæða fyrirvara, að hugmyndir og skoðanir nefndarinnar hafa ekki staðið í stað síðan skýrslan var samin.) Nefndin hafði þá haldið 39 fundi. Síðan hafa verið haldnir 17 einstakir fundir í nefndinni auk samfellds fundahalds að Laugarvatni dagana 26.—31. ágúst 1968.

Í fyrrnefndri bráðabirgðaskýrslu er lýst undirbúningi að störfum nefndarinnar og n. a. rakin stuttlega þróun lagasetningar og reglugerða um menntaskóla á Íslandi, svo og skýrt nokkuð frá skipan hliðstæðra skólastiga annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Í lok bráðabirgðaskýrslunnar eru rakin helztu atriði, sem nefndin hafði þá rætt til nokkurrar hlítar, og gerð grein fyrir nokkrum helztu málefnum, sem ráðgert var að taka til frekari athugunar og meðferðar. Samkvæmt lauslegri verkaskiptingu, sem þá hafði verið gerð, sömdu nefndarmenn greinargerðir um nokkur þessara málefna. Af þessum álitgerðum eru þær, sem beinast varða lagafrumvarp það, er nefndin hefur samið, birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Frá því árið 1965 hafa menntaskólarnir í sivaðandi mæli tekið upp margvíslega nýbreytni um ýmis þau atriði, er nefndin hefur tekið til athugunar á fundum sínum, og á sumt af því upptök sín í umræðum nefndarinnar. Ber þar ekki sízt að nefna Menntaskólann við Hamrahlíð, sem frá upphafi hefur troðið nýjar slóðir, enda óbundinn af hefðum og venjum, en raunar er nú svo komið, að í öllum menntaskólunum standa yfir einhverjar breytingar á tilraunastigi, allt frá niðurfellingu einstakra skyldugreina til stofnunar nýrra deilda. Nefndin telur, að slíkar tilraunir verði um sinn heillavænlegasta leiðin til þeirra umbóta á námsefni og kennsluháttum sem augljóslega er þörf á, og hljóti að verða undanfari allsherjar endurskoðunar á námsskrá skólanna. Margar kennslugreinar í menntaskólunum eru að vísu óumdeildar, og að endurskoðun námsefnis þeirra má vinda bráðan bug undir leiðsögn sérfróðra manna í hverri grein. Þess er hins vegar að gæta, að þótt augljós sé nauðsynin á því, að auka fjölbreytnina í námsefni skólanna og fjölga námsleiðum í samræmi við æ margvíslegri þarfir þjóðfélagsins jafnt sem einstaklinga, er engan veginn augljóst hverju af hefðbundnu námsefni skólanna skuli varpa fyrir borð, eða hvað taka skuli upp í stað þess, sem brott er numið. Einnig ber að benda á það, að fyrir ýmsu af því, sem augljóslega skortir á námsskrá skólanna, verður ekki séð í einu vetfangi. Sem eitt dæmi af mörgum má nefna kennslu í þjóðfélagsfræðum, en til hennar skortir bæði menntaða kennara og kennslubækur og raunar, ef svo má að orði kveða, „íslenzkun“ fræðigreinarinnar sjálfar. Loks má benda á það, að meðan á bæði fyrri og síðari skólastigum er svo margt í deiglu sem raun er á (t. d. færsla námsefnis niður á lægri aldurstig í barna- og gagnfræðaskólum, hugmyndir um almennt inngangsnám við Háskóla Íslands og endurskoðun á námsskröf-

um einstakra deilda), er ekki tímabært að setja kennslu menntaskólanna of þröngar skorður. Meðan svo er ástatt, eru nýjungar og áframhaldandi tilraunir vænlegasta leiðin til umbóta.

Nefndin telur því eðlilegast af stað farið með því að setja lög um menntaskóla, er geri hvort tveggja í senn: a) að tryggja þeim þá aðbúð og það svigrúm, sem þörf er á til áframhaldandi tilrauna, endurskoðunar og umbóta í hverjum skóla um sig, og b) að setja þeim markmið og leggja megindrög að skipulagi þeirra, þannig að eigi skorti sameiginleg umgjörð um starf þeirra allra, þótt þeir haldist eigi í hendur um hvaðeina.“

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli.

Við 1. gr.

Nútímaþjóðfélag krefst æ fleiri manna með þá menntun, sem menntaskólanám er undirbúningur að, einkum vegna vaxandi sérhæfingar á öllum sviðum. Þessar þarfir þjóðfélagsins, sem almenningur í landinu hefur fyrir löngu fundið og skilið, verður ríkisvaldið að uppfylla. Það er þjóðhagsleg nauðsyn, að ætíð sé nægilegum fjölda sérmenntaðra manna á að skipa, en sýna fram á, að við höfum í þessum efnu- dregið aftur úr öðrum sambærilegum þjóðum.

Að því leyti sem þörf þjóðfélagsins á háskólamenntuðum mönnum byggist á efnahagslegum og tæknilegum aðstæðum, er hugsanlegt, — þótt það sé ósennilegt — að hana megi áætla svo nákvæmlega, að hægt sé að tiltaka þann fjölda menntaskóla, sem landið þarfnast. Slík áætlunarframléiðsla á menntamönnum leggur hins vegar þjóðfélaginu þann vanda á herðar um val ungmenna til framhaldsnáms, er naumast yrði leystur í fullu samræmi við hefðir okkar og hugmyndir um sjálfræði þjóðfélags- þegnanna, jafnvel þótt ekki brysti þekkingu og tæki til að spá un það á gelgjuskeiði, yfir hvaða getu til þroska og frama hver og einn býr. Enn fremur er þess að gæta, að útreiknanlegar þarfir þjóðfélagsins eru engan veginn einhlítar til stefnumótunar í menntamálu, óskir og vilji þegnanna, sem renna af fleiri rótum en hinni efnahagslegu einni saman, koma hér eigi síður til greina. Á síðustu áratugum hefur eftir- spurn eftir menntun allt fram til 18 eða 19 ára aldurs aukizt gífurlega á öllu því menningarsvæði, sem við teljumst til — og raunar um víða veröld — og er ekki ann- ars að vænta en að sú eftirspurn muni enn fara vaxandi. Í skólamálu, ekki síður en á öðrum sviðum þjóðlífsins kann að reynast nauðsynlegt að sætta og samræma þarfir og getu þjóðfélagsins annars vegar og vilja og óskir þegnanna hins vegar. Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það að gerast þannig, að mönnum sé með fræðslu og for- tölum beint inn á æskilegar námsbrautir, en ekki með því að lokað sé nokkurri leið til mennta. Af þessum sökum telur nefndin óæskilegt, að fjöldi menntaskóla í land- inu sé bundinn í lögum. Hins ber þó jafnan að gæta, ekki sízt er velja skal nýjum skólum stað, að menntaskóli, er fullnægi öllum kröfum um starfslið. húsrými og tækjabúnað, er dýr stofnun og því dýrari hlutfallslega, sem hann er minni.

Þótt það sé meginsteftna, að ríkisvaldið kosti menntaskólana, sakir þess hve dýrar og umfangsmiklar stofnanir þeir eru, er sá möguleiki hugsanlegur, að sveitar- félög eða einstaklingar (félagssamtök) hefðu bolmagn til að stofna og reka mennta- skóla. Telur nefndin því rétt, að lagaleg heimild sé þar fyrir hendi, en gæta yrði þess vandlega, að slíkir skólar yrðu á engan hátt verr úr garði gerðir en ríkisskólarnir.

Við 2. gr.

Starf menntaskólanna er umfram allt þáttur í viðleitni samfélagsins til að sjá ungmönnum fyrir sem hentugustu og hagstæðustu umhverfi svo langt fram eftir þroskaskeiði sínu, sem hver og einn þarfnast. Almenn hlutverk menntaskólanna er að auka við þá menntun, er nemendur hafa hlotið á fyrri skólastigum, sérhlut- verk þeirra er að búa nemendur undir háskólanám. Þetta tvöfalda hlutverk merkir engan veginn klofning eða tvískiptingu í starfi skólanna. Það verður æ ljósara, að bezta undirbúningsmenntunin, hvort heldur undir æðra nám eða líf og starf, felst

siður í öflun tiltekinnar þekkingar en í almenntri andlegri þjálfun, hæfilega skipulagðri reynslu af margháttuðum vitsmunalegum viðfangsefnum, og, ekki sízt, þeim vinnubrögðum og hugsunarhætti, sem til þess þarf að tileinka sér nýja þekkingu og ný sjónarmið í sibreytilegu umhverfi.

Við 3. gr.

Nefndin telur, að eins og nú horfir sé hvorki æskilegt né gerlegt að stytta heildarnámstíma menntaskólanna, heldur hljóti þeir að verða fjögurra ára skólar, svo sem verið hefur. Nefndin er á einu máli um nauðsyn þess, að nemendur hefji háskólanám fyrr en nú á sér stað, en telur, að úrræða í þessu efni sé fremur að leita í endurskipulagningu yngri skólastiga, einkum miðskólastigsins.

Svo sem vikið er að í athugasemdum við 2. gr., ber ekki að einskorða skilgreiningu þeirrar almennu menntunar, er menntaskólarnir veita, við tiltekið þekkingar-efni. Sama máli gegnir um undirbúning undir háskólanám: hinar ýmsu tegundir háskólanáms krefjast margvíslegri undirbúnings en séð verður fyrir í einni sameiginlegri námsskrá allra menntaskólanema. Allt ber því að sama brunni um réttmæti og nauðsyn þess, að nemendur skólanna eigi um að velja svo margar námsbrautir, að þörfum og áhuga sem allra flestra sé gert til hæfis.

Við 4. gr.

Það virðist sjálfsagt, að fylgt sé í menntaskólunum þeirri venju, sem tíðkapt hefur þar jafnt og á öðrum skólastigum, að piltar og stúlkur sækji sömu skóla. Hér er ekki aðeins um að ræða jafnrétti kynjanna, heldur er álitlegs hluta af hinum ónýtta gáfna- og getuforða þjóðarinnar að leita hjá kvenþjóðinni, og starfssvið menntaðra kvenna í þjóðfélaginu enn mikiltil of þröngt.

Tveir nefndarmenn, þeir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og dr. Jón Gíslason, töldu ósækilegt, að fyrir það væri byggt í lögum, að skóli ætlaður öðru kyninu eingöngu gæti orðið menntaskóli, ef það væri í samræmi við sögu og þróun skólans og stuðlaði að aukinni fjölbreytni á menntaskólastiginu. Kom þetta álit fram í umsögn nefndarinnar um tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að brautskrá stúdenta. Skiluðu fyrrgreindir nefndarmenn þar séráliti, er studdi umleitan Kvennaskólans.¹⁾

Við 5. gr.

Miklum og vaxandi hluta þjóðarteknanna er varið til skólahalds. Rannsóknir og tilraunir, er beinast að því, að það fjármagn, sem varið er í þessu skyni, skili sem mestum og bestum arði, eiga sér bein fordæmi og hliðstæður á flestum sviðum atvinnulífsins. Hinar öru breytingar, sem verða á öllum sviðum þjóðlífsins — í atvinnuháttum, búsetu og menningu — krefjast sífelldrar endurskoðunar á starfsemi skólanna. Þótt svo sé til ætlað, að rúm sé til tilraunastarfsemi í öllum menntaskólum, þykir rétt að opna heimildarleið til að setja á stofn sérstaka menntaskóla í tilraunaskyni. Ýmsar tilraunir — einkum þær er lúta að meiriháttar breytingum á skipulagi menntaskólanna og tengslum þeirra við önnur skólastig — yrðu auðveldari í framkvæmd í slíkum skólum en í þeim skólum, sem sniðnir eru við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

II. kafli.

Við 6. gr.

Í þessu ákvæði felst fyrst og fremst það, að umsóknir um inngöngu skulu sendar skólunum sjálfum en ekki yfirstjórn skólanna eða annarri miðstöð, er síðan dreifi nemendum á skólana. Enn fremur er svo til ætlað, að skólarnir skeri sjálfir úr um öll hversdagsleg vafaatriði varðandi rétt einstakra nemenda til inngöngu í þá.

Við 7. gr.

Í 6. grein gildandi laga um menntaskóla er kveðið á um lágmarksaldur til inngöngu. Einsætt virðist að fella beri niður þetta ákvæði og greina á milli skilyrða

1) Sjá fylgiskjal 6.

um undirbúningsmenntun og aldursskilyrða. Staða menntaskólanna í skólakerfinu segir til um það, hværrar undirbúningsmenntunar er krafizt. Að miða þá undirbúningsmenntun við tiltekinn aldur er hins vegar óhyggilegt, bæði vegna einstakra nemenda og vegna kerfisins í heild. Í samfelldu skólakerfi mun að visu flutningur milli skólastiga jafnan í raun verða tengdur við tiltekinn aldur í langflestum tilfellum, með því að lögbinda þann aldur virðist hins vegar of lítið tillit til þess tekið, hve mishraður er þroski nemenda á þessu aldursskeiði, jafnvel þótt heimilað sé að veita undanþágu frá ákvæðum laganna. Eins og nú er ástatt í skólamálu landsins, virðist nauðsynlegt, að opnar leiðir liggi til endurskoðunar og breytinga á einstökum þáttum og stigum skólakerfisins (sbr. athugasemd við 3. gr. hér að framan), en aldursákvæði nágildandi laga getur aðeins torvelað æskilega þróun af þessu tagi.

Þótt boðleiðir hljóti að liggja milli allra stiga samfellds skólakerfis, verður jafnan að minnast þess, að meginhlutverk slíkra boðleiða er að auðvelda samgöngur, þeim er ekki ætlað að útiloka aðrar leiðir. Nauðsyn jafnt þjóðfélagsins sem einstaklingsins krefst þess, að hæfileikar allra ungmenna komi til skila, en af því leiðir, að engin skólaleið má enda í blindgötu. Verður því að telja sjálfsagt, að fleiri leiðir liggi að menntaskólanámi en boðleiðin um bóknámsdeild miðskóla. Með því einu móti verður það tryggt, að námsleiðarval á gelgjuskeiði hafi ekki í för með sér afsal réttinda, er nemandinn með vaxandi þroska reynist fullhæfur til að færa sér í nyt. Af fjölmönnum hópum ungmenna, sem hér kynnu að eiga hlut að máli, vill nefndin einkum benda á gagnfræðinga, en einmitt nú stendur yfir endurskoðun og endurbót á gagnfræðaprófinu, er sennilegt má telja, að auðveldi mjög mat á hæfni gagnfræðinga til að hefja menntaskólanám. Meðal einstaklinga, er tryggð yrðu nauðsynleg réttindi með ákvæðinu um inngöngu af öðrum skólastigum, ber einkum að nefna unglinga, er stundað hafa nám við skóla í öðrum löndum vegna búsetu for-eldra sinna þar.

Ef til þess kynni að koma, að tiltekin próf innan skólakerfisins yrðu viðurkennd sem inntökupróf í menntaskóla, svo sem próf úr bóknámsdeild miðskóla er nú, yrðu að sjálfsögðu sett í reglugerð nákvæm fyrirmæli þar að lútandi. Um úrskurð í einstökum og sjaldgæfum tilfellum virðist hins vegar henta bezt, að skólastjórn hafi sem frjáltsastar hendur.

Við 8. gr.

Svo kann að vera ástatt um fjárhag eða heilsufar nemanda, að honum henti bezt að stunda nám sitt utan skóla um lengri eða skemmri tíma, og er þá sanngjarn, að hann eigi greiða leið inn í skólann aftur. Sama máli gegnir um þá, sem flytjast í menntaskóla úr hliðstæðum skólum. Orðalagi greinarinnar er ætlað að gefa skólastjórn nauðsynlegt svigrúm í meðferð slíkra tilfella.

III. kafli.

Við 9. gr.

Ákvæði gildandi laga um námsefnið og kennsluna felast í skrá um þær greinar, er kenna skal, og heimild til að fjölga þeim eða fækka. Að baki þessum ákvæðum liggur sú hugmynd, sem á sér langa sögu og langa hefð, að almenn menntun felist umfram allt í kynnum af tilteknum námsgreinum, og jafnframt að tilteknar námsgreinar hafi almennt menntunargildi umfram aðrar greinar. Í tímanna rás hafa greinar horfið af menntaskránni og aðrar komið í þeirra stað, einkum vegna breyttra hagnýtra þarfa, en grundvallarhugmyndin hefur lítið breytzt. Merkasta breytingin er sú, er fram kemur í skiptingu skólanna í máladeild og stærðfræðideild. Þar er gert ráð fyrir samhliða jafngildum námsbrautum, en á hvorri brautinni um sig er eftir sem áður hvert spor ófrávikjanlega fyrirskipað. Um nokkurt skeið hefur þótt ljóst, að nauðsynlegt væri að fjölga slíkum námsbrautum innan menntaskólanna, og hefur þá einkum verið rætt um náttúrufræðideild. En jafnframt hefur það álit rutt sér til rúms, að innan menntaskólanna sé ekki aðeins um of fáar námsbrautir að ræða,

heldur sé einnig námsskráin á hverri braut of ósveigjanleg til þess, að hægt sé að sinna misjöfnum þörfum og hæfileikum nemenda að því marki, sem réttmætt og nauðsynlegt má teljast.

Nefndin er einhuga um, að ekki sé hægt að stofna til nauðsynlegra umbóta á námi og kennslu í menntaskólunum með því einu, að breyta námsgreinaskránni eða auka við hana. Annars vegar telur hún það vafasama framför í uppeldislegu tilliti að setja eitt ósveigjanlegt kerfi í annars stað, jafnvel þótt fjölgað sé námsbrautum innan skólans. Hins vegar lítur hún svo á, að vegna hinna öru þjóðfélagsbreytinga, sem yfir standa og telja má vist að framundan séu, væri það að tjalda til einnar nætur að binda það nú í lögum, hvaða greinar séu nauðsynlegar til undirbúnings undir háskólanám eða í hvaða námsefni felist sú almenna menntun, sem þegnar þjóðfélagsins þurfi á að halda.

Af þessum sökum leggur nefndin til, að felld sé brott úr lögum skrá um kennslugreinar skólanna og að tekin séu upp í hennar stað ákvæði, er myndi almenna umgjörð um námsefni, námsmagn og námskröfur skólanna, en setji í þessum efnum starfsemi þeirra þær skorður einar, er nauðsynlegar þykja til að tryggja það, að markmiði þeirra verði jafnan náð.

Um einstök atriði greinarinnar skal þetta tekið fram:

Einingar námsefnis. Kennsla í menntaskólunum hefur að undanfögnu því nær undantekningalaust farið fram í 45 mínútna kennslustundum, og hefur seta nemenda í slíkum kennslustundum verið lögð til grundvallar við mat á námsefni og við skiptingu námstímans milli greina. Nefndin væntir þess, að breytingar og umbætur á kennsluháttum skólanna muni fyrir en síðar raska töluvert þessu einfalda hlutfalli milli námsefnis og fjölda kennslustunda, t. d. með því móti, að teknar verði upp mislangar kennslustundir, eftir því, sem henta þykir í hverri grein, eða með því, að ætlaður verði til sjálfstæðrar vinnu nemenda utan kennslustunda meiri tími en nú tíðkast. Í samræmi við þetta er hér lagt til, að námsefnið verði ekki mælt í kennslustundum heldur í einingum er jafngildi kennslustundum að yfirferð, þannig að námsefnið sé ákvarðað án þess að sagt sé fyrir um starfshætti í námi eða kennslu. Einingu námsefnis mætti skilgreina á ýmsar lundir, en hentugast virðist að leggja þar til grundvallar meðalkennslustund af því tagi, er tíðkast hefur. Annars vegar er þess að vænta, að allmikið af kennslu skólanna fari jafnan fram í slíkum kennslustundum, hins vegar er öllum, er hlut eiga að máli, hægðarauki að því, að haldið sé því orðalagi, er nemendum og kennurum er tamast, er þeir meta verkefni sín og afköst.

Kjarni, kjörsvið og frjálssar valgreinar. Sú þrískipting námsefnisins, sem hér er um að ræða, er í samræmi við markmið skólanna eins og það er sett fram í 2. gr. laganna. Kjarnanum er ætlað að vera grundvöllur hinnar almennu menntunar nemenda, á kjörsviði búa þeir sig undir sérnám í háskóla, og í frjálsum valgreinum fær hver þeirra og einn nokkurt svigrúm til að fullnægja einkaþörfum sínum og óskum. Ástæða er til að leggja ríka áherzlu á samhengið milli hinna þriggja þátta námsefnisins. Sú almenna menntun, sem í kjarnanum felst, er að sjálfsgöðu jafnframt almennur undirbúningur undir háskólanám, allrækileg kynni af einhverju einu þeirra sviða manlegrar þekkingar, sem kjörsviðin eiga að vera fulltrúar fyrir, er ómissandi þáttur almennrar menntunar, og þótt svo sé til ætlazt, að hinar frjálssu valgreinar geti orðið allsundurleitar, er þeim þó öllum ætlað, hverri á sinn hátt, að efla andlegan þroska nemandans. Þótt allir þættir námsefnisins myndi þannig samfellda heild fyrir sérhvern nemandan, er hverjum þætti engu að síður ætlað sitt sérstaka hlutverk. Hlutverk kjarnans er tvíþætt: annars vegar á hann að þjálfva nemendur í meðferð vitmunalegra tækja — umfram allt móðurmálsins — og kenna þeim vitmunaleg vinnubrögð, þ. e. a. s. gera þá læsa, talandi, skrifandi og reiknandi í meira en yfirborðslegri merkingu þessara orða, hins vegar á hann, á sem flestum sviðum, að sjá nemendum eftir megni fyrir þeirri þekkingu, sem er grund-

völlur samneytis menntaðra manna, og þeim kynnum af ólíkum fræðilegum viðhorfum og starfsaðferðum, sem eru forsenda gagnkvæms skilnings og samvinnu milli sundurleitra starfshópa menntamanna í fjölskrúðugu menningarþjóðfélagi.

Þegar hlutverki kjarnans er þannig lýst, verður ljósara, hvers vegna hlutur hans í námsefninu er svo stór, sem raun er á. Nefndin lítur eindregið svo á, að ekki beri að auka sérhæfingu í menntaskólunum, heldur muni það reynast fullnægja bezt bæði kröfum háskóla og vinnuveitenda og þörfum þjóðfélagsins og einstaklingsins, að efla umfram allt almenna menntun nemenda, í þeim skilningi, sem hér að framan er lagður í þau orð.

Kjörsviðin hafa einnig sínu sérstaka hlutverki að gegna, og rýrir það, sem að framan er sagt um mikilvægi kjarnagreina, á engan hátt gildi þeirra, þar eð þau hljóta öll að verða efnislega tengd kjarnagreinum. Svo sem áður hefur verið dregið á, er sá þroski, sem vinnst við að einbeita sér á afmörkuðu sviði, veigamikill þáttur almennrar menntunar. En jafnframt er sérhæfing á menntaskólastiginu óhjákvæmleg til undirbúnings undir framhaldsnám í háskóla. Kjörsviðinu er því einnig — og ekki sízt — ætlað að gefa nemendum tækifæri til að fullnægja inntökuskilyrðum einstakra háskóladeilda og búa sig eftir þörfum undir það sérnám, er bíður þeirra í háskólunum.

Frjálsar valgreinar. Þótt hlutverk þessa þáttar sé meðal annars að auka fjölbreytni námsefnisins, er það ekki efnisinnihald greinanna sem skilur hann frá kjarna og kjörsviði. Að sjálfsögðu er svo til ætlað, að meðal frjálsra valgreina séu greinar, sem hvorki er að finna í kjarna eða á kjörsviðum, og telur nefndin því næsta lítil takmörk sett, hvers konar námsefni kynni hér að reynast boðlegt og eftirsóknarvert. En jafnframt er gert ráð fyrir því, að valfrelsið taki ekki síður til viðbótarnáms í kjarnagreinum og í kjörsviðsgreinum, bæði á kjörsviði nemandans og á öðrum kjörsviðum. Einkum virðist mikilvægt, að nemendur eigi kost á viðbótarnámi á kjörsviði sínu. Enda þótt nefndin sé frábitin aukinni sérhæfingu í menntaskólunum, er henni ljóst, að einstökum nemendum kann að vera bæði hollt og hentugt að afla sér á einu sviði rýmri eða rækilegri þekkingar en almennt er krafizt til stúdentsprófs.

Önnur atriði. Í umræðunum um valfrelsi í skólum hefur þess orðið vart, að ýmsir óttast, að valfrelsið kunni að hafa það í för með sér, að slegið verði af námskröfum, gildi fullnaðarprófa rýrni og los komist á hugmyndir manna um markmið skólanna. Nefndin telur því rétt að benda á það, að auk þess sem hlutur frjálsra valgreina í námsefninu er mjög lítill, eru með ákvæðum um kjarna og kjörsvið reistar öflugar skorður gegn hvers kyns upplausn í náminu. Að því er varðar hæfni nemenda til að velja sér sjálfir námsefni, skal á það bent, að samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, velja nemendur menntaskólanna sjálfir hömlulaust um deildir, og hefur ekki verið talinn skaði að því. Hversu litla ábyrgð það valfrelsi, sem hér er um að ræða, leggur nemendum á herðar, sézt glögggt, þegar þess er minnzt, að unglingum er nú gert að velja, þegar við 15 eða 14 ára aldur, milli námsbrauta er aldrei koma saman aftur.

IV. kafli.

Við 10. gr.

Þótt sjálfsgagt sé að miða við skólaárið um allt ytra skipulag skólanna, rekstur þeirra og fyrirkomulag kennslunnar í stórum dráttum, getur af uppeldis- og kennslufræðilegum orsökum reynzt æskilegt að skipta því í námsáfanga. Slík skipting hefur þegar verið reynd í tveimur menntaskólum og gefið þar góð fyrirheit; er ljóst, að hún getur, er fram líða stundir, stóraukið tækifæri til margs konar umbóta á kennsluháttum. Umfram allt er þess að vænta, að með styttri námsáföngum veitist skólunum léttara að rækja þá skyldu sína, er þeir hingað til hafa af margvíslegum ástæðum ekki rækt sem skyldi, að fylgjast jafnt og þétt með framgangi nemendanna, tryggja jafnan og stöðugan árangur af náminu, afstýra óþörfu falli og náms-

töf, aðstoða þá, sem aftur úr dragast, og beina í tæka tíð inn á aðrar námsbrautir þeim, sem ekki eiga sér viðreisnar von í menntaskóla.

Segja má, að til þessa hafi prófin verið helzta, ef ekki eina tæki skólanna til þess bæði að fylgjast með framgangi nemenda og meta endanlegan árangur af námi þeirra. Með fleiri eða færri prófum á námsárinu — jólaprófum, miðsvetrarprófum og rangnefndum skyndiprófum á ýmsum tímum — hafa kennarar leitast við að kanna þekkingu nemenda og gefa þeim vitneskju um framgang sinn í náminu. En hlutverk þessara prófa hefur í sívaxandi mæli orðið það eitt, að dæma um námsárangur nemenda og leggja grundvöll að einkunnagjöf. Vetrareinkunnir kennara, sem ætlað er að vega upp það, sem prófin skortir á um öryggi og nákvæmni, byggjast nú iðulega að langmestu leyti á prófum. Meginþunginn í þessu efni hefur þó hvílt á ársprófinu, en samkvæmt gildandi ákvæðum á það að skera úr um rétt nemandans til að setjast í næsta bekk. Kennslugildi og leiðbeiningargildi hafa prófin nú lítið sem ekkert, enda vafasamt að þau hafi nokkurn tíma haft það. Hitt hefur ekki síður verið alvarlegur ágalli á skólunum, að þeir hafa ofmetið úrskurðargildi prófanna. Að kennurum sé þegar orðið þetta ljóst, má sjá af því, að allir skólarnir hafa á undanförunum árum breytt að einhverju marki reglum sínum um vorpróf og flutning milli bekkja, einkum í þá átt að leyfa nemendum að endurtaka árspróf. Í þessum breytingum felst augljós réttarbót fyrir nemendur, en umbætur á sjálfum prófunum og prófakerfinu hafa þær að sjálfsögðu ekki haft í för með sér.

Óumdeilanlegt er, að um allt er lýtur að mati á hæfni nemenda og námsárangri þeirra, höfum við dregið langt aftur úr sambærilegum þjóðum, ekki sízt á framhaldsskólastigum. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að til slíks mats eigi skólarnir í framtíðinni yfir að ráða fleiri tækjum en nú, og að hverju slíku tæki — þar á meðal prófum af svipuðu tagi og nú tíðkast — verði ætlað sitt sérstaka hlutverk í heildarmati skólans á hæfni nemandans. Leggja ber áherzlu á, að skilyrði til þess, að svo megi verða, er annars vegar stórbætt starfsaðstaða kennaranna, bæði um vinnuálag og vinnustaði, og hins vegar fræðslu- og upplýsingastarfsemi þeim til handa, af því tagi, sem nú er nánast óþekkt á menntaskólastiginu.

Við 11. gr.

Af sögulegum ástæðum og vegna tengsla við frændþjóðir og háskóla grannlanda er heitinu „stúdentspróf“ haldið, þótt í nokkuð breyttri merkingu sé. Það merkir hér hvorki einstök lokapróf né flokk lokaprófa á síðasta námsári nemandans, heldur er heildarheiti á menntun og lærdómi nemandans, er hann hefur uppfyllt allar námskröfur skólans.

Um þann greinarmun, sem hér er gert ráð fyrir á því að standast próf í grein og ljúka prófi í henni, ber að taka þetta fram: Að standast próf merkir að sjálfsögðu að ná lágmarkseinkunn. Það er álit nefndarinnar, að meðaleinkunn eigi ekki að skera úr um það, hvort nemandi hefur á prófum staðizt námskröfur skólans. Yfirgnæfandi meirihluti nefndarinnar er því þó mótfallinn að krefjast skilyrðislaust lágmarkseinkunnar í hverri grein. Telur hann, að með því væri gengið fram hjá þörfum þeirra nemenda, sem hafa til að bera óvenjulega hæfileika á sumum sviðum, þótt þeir eigi í örðugleikum á öðrum, en slíkir menn eru oft á meðal þeirra, sem þjóðfélagið hefur sízt ráð á, að verði af góðri menntun. Hins vegar er nefndin samála um, að sjálfsagt sé að setja lágmarkskröfur um einkunn í öllum greinum á kjörsviði nemenda, þar eð svo er til ætlað, að nemendur velji sér kjörsvið í samræmi við hæfileika sína og áhuga. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því, að í reglum um prófkröfur til stúdentsprófs verði nemandi leyft að ljúka prófi í einstökum greinum utan kjörsviðs síns án þess að ná þar lágmarkseinkunn.

Tillaga nefndarinnar um heimild til að taka upp í menntaskólunum annað fullnaðarpróf en stúdentspróf er algjört nýmæli og krefst nokkurrar skýringar. Á undanförunum árum hefur það farið í vöxt, að stúdentar hættu námi eftir stúdentspróf eða innrituðust í háskóla til skammrar dvalar og án þess að hyggja á lokapróf. Er

Þannig þegar um að ræða nokkurn hóp nemenda í skólunum sem ýmist þarf ekki á að halda rétti sínum til inngöngu í háskóla eða færir hann sér ekki í nyt. Bendir margt til þess, að fyrir þörfum þessara nemenda yrði bezt séð með því að gefa þeim kost á menntaskólanámi, sem ekki sé bundið af inntökuskilyrðum háskólanna, heldur fyrst og fremst sniðið við hina sívaxandi þörf á mönnum með góða almenna menntun til starfa á fjölmörgum þjóðfélagssviðum. Kæmi þá mjög til greina að bjóða slíkum nemendum kjörsvið almennara eðlis en þau, sem ætluð eru til háskólaundirbúnings, þar á meðal kjörsvið hagnýtra greina. Til að þreifa fyrir sér við undirbúning slíkra almennra eða hagnýtra kjörsviða, gætu skólarnir sem bezt notfært sér það svigrúm, er hinum frjálsum valgreinum er ætlað að gefa þeim.

Loks skal á það bent, að sú breikkun á starfssviði menntaskólanna, sem hér er um að ræða, getur, með því að leggja til bæði fordæmi og fyrirmynd, opnað greiðari leiðir til þess, að öllum almennum framhaldsskólum verði smátt og smátt breytt í menntaskóla — með stúdentsprófi eða án þess — eftir því sem krafan um skólagöngu flestra eða allra þegna þjóðfélagsins til 18 eða 19 ára aldurs vex, svo sem vænta má, að hún geri.

Við 12. gr.

Skólunum sjálfum, nemendum þeirra og þeim skólum, sem við nemendunum eiga að taka, er öllum jafnt þörf á því öryggi, sem umsjón utanaðkomandi prófdómenda með lokaprófum veitir. Hins vegar er þess að gæta, að með vaxandi nemendafjölda verður umsjón prófdómenda, eins og störfum þeirra er nú háttað, æ kostnaðarsamari, auk þess sem reynsla sumra annarra landa bendir til þess, að heinlínis geti orðið hörgull á hæfum mönnum, er hafi tíma aflögu til að sinna slíkum störfum. Þykir því ekki rétt að kveða nánar á í lögum en hér er gert um verksvið og starfsháttu prófdómenda. Hlutverk prófdómenda ákvarðast nú einkum af gamalli hefð, sem ekki er lengur öflugri en svo, að talsverður munur er á störfum prófdómara frá grein til greinar og frá skóla til skóla. Er því brýn nauðsyn, að sett séu í reglugerð, og e. t. v. einnig í erindisbréfi, skýr ákvæði um verksvið prófdómenda.

V. kafli.

Við 13. gr.

Svo kann að virðast, sem upphafsákvæði þessarar greinar sé sjálfsagt og þar með óþarft. Nefndin telur hins vegar, að reynslan sýni annað. Með sívaxandi aðsókn að menntaskólunum verður að telja sennilegt, að þeir hljóti á stundum af illri nauðsyn að taka að sér til skamms tína umfangsmeiri hlutverk en þeir í rauninni hafa aðstæður til. Er þá þessu ákvæði ætlað að girða fyrir þá hættu, sem sífellt vofir yfir mennsku samfélagi, að neyðarúrræði og bráðabirgðaráðstafanir verði smám saman talin viðunanleg til frambúðar.

Nefndin telur, að aldrei verði of mikil áherzla lögð á það, að meginforsenda fyrir öllum öðrum umbótum á menntaskólunum og jafnframt fyrir áframhaldandi heilbrigðri þróun þeirra er stórfelld umbót á starfsskilyrðum skólanna. Á engri umbót er þar brýnni þörf en þeirri, að skólunum sé betur en nú gerist séð fyrir því fjölbreytta starfslíði, sem þeim er nauðsynlegt. Í starfsmannaskrá þeirri, sem tekin er upp í greinina, er að sjálfsögðu höfð nokkur hliðsjón af þeim kröfum, sem í grannlöndum okkar eru gerðar um starfslíð skóla. Hitt er þó meira um vert, að í skránni eru ekki talin önnur störf en þau, sem þannig eru vaxin, að skólastjórar menntaskólanna, ýmist hver um sig eða allir saman, telja sig af daglegri reynslu geta fullyrft, að skortur á sérstökum mönnum til að gegna þessum störfum hái því alvarlega, að skólastjóri geti gert skyldu sína við skóla og nemendur.

Nefndin vill sérstaklega benda á það, að enda þótt fjöldi starfsmanna fari að nokkru eftir stærð skólanna, er fjöldi þeirra starfa, sem gegna þarf, alls staðar hinn sami eða því sem næst.

Við 14. gr.

Með breyttu skipulagi og nýjum kennsluháttum er þess að vanta, að riðlist sú skipting í fastar bekkjardeildir, sem tíðkamt hefur til þessa. Þykir því hentara að miða tölu fastra kennara við tiltekinn nemendafjölda, en ekki við bekkjardeildir eins og gert er í gildandi lögum.

Við 15. gr.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, að haldið sé ákvæðum eldri laga um fullgilda undirbúningsmenntun menntaskólakennara, meðal annars til þess að jafnan sé ljóst, hvers eðlis og á hvaða lærdóms- og þekkingarstigi kennslu í menntaskólunum er ætlað að vera, virðist þá eðlilegast að miða kröfur um menntun kennaranna við námsgráðu, sem háskóli landsins veitir. Þó virðist ekki síður óhjákvæmilegt, að heimil sé undanþága frá þessum ákvæðum. Nú þegar er nokkur skortur á fullmenntuðum menntaskólakennurum — einkum í þeim greinum, þar sem skólarnir keppa um starfsmenn við aðra vinnuveitendur (þar á meðal aðrar ríkisstofnanir), sem bjóða betri launakjör — og er í þessu efni lítil von um breytingu til batnaðar, sízt af öllu meðan aðsókn nemenda að skólunum vex svo ört, sem hún gerir nú. Má því telja fullvíst, að skólarnir verði að vera við því búnir, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að talsverðan hluta kennaraliðs þeirra skorti þá fyllstu menntun, sem æskileg er. Nefndin lítur svo á, að allmikinn hluta þeirrar kennslu, sem fram fer í menntaskólunum, megi án nokkurrar áhættu fela kennurum, sem ekki hafa fullgilda undirbúningsmenntun, hefur hún þar af augljósum ástæðum einkum í huga kennara með BA-próf frá Háskóla Íslands. Hins vegar telur hún, að ekki verði með góðu móti öðrum en fullmenntuðum kennurum falið að skipuleggja kennsluna í hverri grein, meta hlut hennar í heildarnámsefni skólanna, fylgjast með nýjungum og stýra tilraunum, og setja kennslunni á hverjum tíma mið í samræmi við breyttar kröfur og þarfir. Lágmarksfjöldi fullmenntaðra kennara við hvern skóla er sá fjöldi, sem til þess þarf, að þessum þætti í starfi kennaranna sé jafnan fullur sómi sýndur.

Við 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar um kennsluskyldu kennara og skólastjóra eru tekin óbreytt úr gildandi lögum og ákvæðin um vinnu kennara utan kennslustunda án teljandi breytinga. Þar eð þessi ákvæði varða kjaramál, treystir nefndin sér ekki til þess — enda telur það tilgangslaust — að leggja til um breytingar á þeim. Tvennt skal þó tekið fram. Varðandi þann hámarksstundafjölda, sem kennurum er nú gert að kenna, vill nefndin leggja áherzlu á, að hann er að hennar dómi stórum of há og samræmist illa þeim kröfum, sem gera verður um eðli og gæði menntaskólakennslu. Varðandi hin nokkuð óljósu ákvæði um vinnu kennara utan kennslustunda er rétt að benda á það, að til greina kemur að fella þau niður með öllu, þar eð skýr og ótvíráð ákvæði 13. greinar hér að framan leysa þau að mestu eða öllu af hólmi.

Við 17. gr.

Það er einróma álit nefndarinnar, að skólarnir megi ekki án vera ákvæðanna um orlof kennara og að frekar beri að rýmka þau en þrengja. Að öðru leyti leggur nefndin ekki til efnislegar breytingar á gildandi ákvæðum, enda er hér um að ræða kjaramál.

Við 18. gr.

Tilfni og tilgangur fyrri hluta greinarinnar skýrist af því, sem þegar er sagt í athugasemdum við 15. grein. Varðandi síðari hlutann skal aðeins á það minnt, sem lýðum er ljóst, að á okkar dögum getur engin stétt, kennarar sízt allra, menntað sig til starfs í eitt skipti fyrir öll.

Við 19. gr.

Þess eru dæmi, að beðið hafi verið jafnvel áratugum saman eftir kennslubók fyrir menntaskólastigið, vegna þess að enginn hefur haft tíma til að semja hana.

Það er mikil vandi að semja góða kennslubók, og verður það ekki gert í hjáverkum. Auk þess krefst nú hin öra þróun í vísindum og kennsluháttum tíðari endurnýjunar kennslubóka en þörf hefur verið á til þessa. Þykir því rétt, að heimild sé til þess að veita kennurum orlof sérstaklega í þessu skyni.

VI. kafli.

Við 20. gr.

Um húsnæði skólanna gegnir sama máli og um starfslíð þeirra, að stórfelld aukning umfram það, sem tíðkazi hefur, er algjört skilyrði fyrir öllum umbótum og framförum. Vegna hraðvaxandi aðsóknar er ekki ósennilegt, að skólarnir hljóti iðulega um stundarsakir að búa við þröngan húsakost. Ríður þá á því, að starfsmönnum þeirra og stjórnendum falli eigi úr minni, hvað æskilegt er í þessum efnunum, né heldur hvað það er, sem með engu móti verður komið af án. Er því þörf skýrra lagaákvæða um þörf skólanna og rétt á húsnæði. Ákvæðið um sérstaka reglugerð um þessi efni er sett með hliðsjón af því starfi, sem þegar er hafið í byggingadeild menntamálaráðuneytisins. Gera verður ráð fyrir því, að skólar í örum vexti þurfi að grípa til þess óyndisúrræðis að leigja sér húsnæði, og er þá nauðsynlegt, að því séu takmörk sett, hversu langt burt frá skólalóð megi leita um slíkt.

Við 21. gr.

Af öllu því, sem nú tefur umbætur á starfsemi menntaskólanna og hamlar því, að upp séu teknir kennsluhættir í samræmi við beztu vitund kennaranna um fræðslu og uppeldi, er fátt eins áþreifanlegt og skorturinn á bókasöfnum og lestrarsölum. Má til dæmis benda á það, að kröfunni um meiri sjálfstæða vinnu nemenda, sem segja má, að sé orðin eins konar samnefnari fyrir almenna óánægju með vinnubrögð skólanna, verður með engu móti sinnt, meðan bókakostur skólanna og vinnurými nemenda í húsakynnum skólans er svo gjörsamlega ófullnægjandi sem raun er á.

Leggja ber áherzlu á það, að allar greinar, sem kenndar eru í menntaskóla, eru sérgreinar í þeim skilningi, að til kennslu í sérhverri þeirra þarf í flestum eða öllum kennslustundum á að halda sérstökum bókakosti, sérstökum hjálpargögnum og sérstökum kennslutækjum. Þess vegna er hér lagt til, að kennslustofur skólanna verði eftir föngum sérkennslustofur, búnar til kennslu í einstökum greinum eða flokkum skyldra greina.

Skrá sú um nauðsynleg rit og tæki, sem hér er lagt til að skólunum verði séð fyrir, á sér fyrirmyndir um víða veröld. Er skólunum brýn nauðsyn á þeim leiðbeiningum, er slík skrá myndi veita, meðal annars um það, hvernig bezt verði varið þeim fjármunum, er til þessara þarfa eru ætlaðir á hverjum tíma.

VII. kafli.

Við 22. gr.

Sú breyting á skipan skólastjórnar, sem hér er lögð til, miðar fyrst og fremst að hagnýti og hagræði. Ótal margt í stjórn skólanna, frá agamálum til fjármála, er þannig vaxið, að almennur kennarafundur í stórum skóla er illa til þess fallinn að fjalla um þau fljótt og vel, bæði fyrir stærðar sakir og ókunnugleika. Er því hentugra að fela megnið af framkvæmdastjórn skólanna fámennari hópi, sem þannig sé skipaður, að tryggð sé sú hlutdeild kennaranna í stjórn skólans, sem réttmæt er og skólanum nauðsynleg.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga og reglugerðar er stjórn skólanna að mestu í höndum kennarafundar. Í framkvæmd hefur hins vegar úrskurðarábyrgð um mikinn fjölda mála verið lögð á herðar skólastjóra eins. Er því nauðsyn, að í reglugerð sé skýrt kveðið á um valdsvið skólastjóra og verkaskiptingu milli hans, skólaráðs og almenns kennarafundar.

Við 23. gr.

Hvarvetna þar, sem vikið er að breyttum og bættum kennsluháttum í þessari greinargerð, hefur nefndin ekki aðeins í huga afkastameiri og árangursríkari þekkingarmiðlun, heldur vakir það einnig, og umfram allt, fyrir henni að breyta skólunum í þá átt, að starf þeirra megi verða öflugri þáttur í lífi nemendanna, og þá um leið hlutur nemendanna í skólastarfinu miklu meiri en nú á sér stað, þannig að með rétti og einhverri von um árangur megi krefjast af nemendum meiri áhuga, meiri ábyrgðar og virkari samvinnu en nú er almennt að vænta af þeirra hálfu. Til laga nefndarinnar um nemendaráð er af þessum toga spunnin. Með því að veita nemendum hlutdeild í stjórn skólanna er enn fremur komið til móts við vaxandi kröfu æskufólks um samábyrgð á þeim málefnum, er það varðar sérstaklega. Réttmæti þeirrar kröfu má meðal annars marka af framtaki og dugnaði nemenda í félagsmálum sínum, og er það athyglisvert, hversu mjög skortir á eðlileg tengsl milli félagsstarfs nemenda og náms þeirra og hversu lítinn stuðning þessir tveir meginþættir í skólalífinu hafa hvor af öðrum. Loks má benda á það, að úr nemendaráði getur, ef vel tekst til, orðið mikilvægt tæki til þjóðfélagsleg uppeldis nemenda. Í lýðræðisþjóðfélagi er nauðsynlegt að heina sem fyrst inn á þroskavænlegar brautir heilbrigðri tortryggni og mótþróa þess, sem stjórnað er, gegn stjórnandanum, til dæmis með því að leyfa honum eflir föngum að kynnast því af eigin raun, í hverju felst ábyrgð þeirra, sem stjórna skulu.

Félagssamtök nemenda eru skipulögð með sínu móti í hverjum skóla, enda aðstæður og sögulegar forsendur hvergi hinar sömu. Við suma skólana er þegar sprottinn visir að sjálfstjórn nemenda, svo að með nýmælinu um nemendaráð er ekki stofnað til neinnar byltingar. Virðist því henta best að setja ekki almennar reglur um skipan og störf nemendaráðs, heldur láta hefðir og venjur á hverjum stað ráða sem mestu um þróun mála.

Við 24. gr.

Nefndin telur æskilegt og eðlilegt, að skólar á menntaskólastigi séu af mörgu tagi, svo sem nú er, og síður en svo nauðsynlegt, að allir skólar af sama tagi séu eins um allt. En þótt nefndin mæli ekki með samræmingu skólanna umfram það, sem nauðsyn krefur, telur hún að þeim gæti öllum orðið margvíslegt gagn að nánari og skipulegri samvinnu en nú á sér stað milli þeirra. Augljós þörf er á slíkri samvinnu um allt er lýtur að verkaskiptingu milli einstakra skóla eða skólagerða, svo sem ráðgjöf um skólaval og flutning nemenda milli skóla, tilraunir og nýjungar í kennsluháttum, framboð á námsgreinum, sem lítil eftirspurn er eftir o. s. frv. Einnig mætti, að því er skóla í Reykjavík varðar, benda á hugsanlega sameign skólanna á dýrum bókum og tækjum og jafnvel byggingum, og er með því á engan hátt dregið úr fyrri ummælum um þarfir hvers skóla um sig í þeim efnunum.

VIII. kafli.

Við 25. gr.

Um heilsuvernd nemenda hafa heimavistar skólar utan þéttbýlis algjöra sérstöðu, sem af eðlilegum ástæðum er ekki tekin til greina í gildandi reglugerð. Til heilsugæzlu í slíkum skólum þarf hjúkrunarkonu í fullu starfi, eins þótt héraðslæknir kunni að sitja í grennd við þá. Að öðrum kosti er lögð á skólastjóra þyngri ábyrgð um líf og heilsu nemenda en sanngjarnt verður talið.

IX. kafli.

Við 26. gr.

Frumvarp þetta felur að mestu leyti í sér almenna umgerð um menntaskóla, stöðu þeirra í skólakerfinu, hlutverk, kennslu, starfslið og starfshætti. Ef frumvarpið verður að lögum, verða þau lög því fyrst og fremst rammalög. Fjölmörgum atriðum, sem greind eru í frumvarpinu, þarf að gera frekari skil í reglugerð, og sum-

um þarf að skipa þar að stofni til. Mælir þessi grein frv. því fyrir um setningu reglugerðar. Er ljóst, að mjög þarf til hennar að vanda. Núgildandi reglugerð um menntaskóla heldur gildi eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerð er sett.

Jóhann S. Hannesson. Steindór Steindórsson. Birgir Thorlacius.
Broddi Jóhannesson. Guðm. Arnlaugsson. Ármann Snævarr. Jón Gíslason.

Með fyrirvara:
Einar Magnússon.

Fylgiskjöl:

1. „Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar“ tekin saman af Kristni Ármannssyni, des. 1965. (Fyrri hluti.)
2. Álit sérnefndar, er falið var að athuga um tengsl menntaskóla og lægri skólastiga, dags. 29. okt. 1964.
3. „Könnun á tengslum háskóla og menntaskóla“ (álit sérnefndar), sept. 1965.
4. „Vinnuaðstaða nemenda, kennara og skólastjóra“, álitserð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965.
5. „Eiga hagnýtar námsgreinar heima í menntaskóla?“, álitserð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965.“
6. Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta:
 - a) Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar.
 - b) Sérálit Birgis Thorlacius, stutt af dr. Jóni Gíslasyni.

Fylgiskjal I.

Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar.

(Tekin saman af Kristni Ármannssyni í desember 1965. —
Seinni hluti skýrslunnar ekki birtur hér.)

Störf nefndarinnar.

A.

a. Yfirlit og upphaf.

Með bréfi, dags. 7. marz 1963, skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, 7 manna nefnd „til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla“. Þessir voru í nefndinni: Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson, skólastjóri, Jóhann Hannesson, skólameistari, Jón Gíslason, skólastjóri, Kristinn Ármannsson, rektor, og Þórarinn Björnsson, skólameistari. Auk þess var skipaður ritari nefndarinnar Árni Gunnars-son, fulltrúi í Menntamálaráðuneytinu. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors í nefndinni að beiðni rektors. Og 1. sept. 1965 skipaði ráðherra rektorana Einar Magnússon og Guðmund Arnlaugsson einnig í nefndina. —

Eins og kunnugt er, starfa menntaskólarnir — eins og flestir íslenskir skólar — samkvæmt fræðslulögunum frá 1946—47, menntaskólarnir, nánar tiltekið, samkv. lögum nr. 58 7. maí 1946. Merkustu ártöl í sögu menntaskólanna á þessari öld að því, er breytingar snertir, eru þessi: 1904, þegar ný reglugerð var sett fyrir Latínuskólann í samræmi við breytingu á latínuskólum í Danmörku og víðar á Norðurlöndum 1903. Þar komu í stað gömlu latínuskólanna fjögurra ára miðskólar (mellemskólar) og þriggja ára menntaskólar (gymnasier). Á Íslandi var gamla 6 ára Latínuskólanum breytt í Hinn almenna menntaskóla með þriggja ára gagnfræðadeild og

þriggja ára lærdómsdeild. Næsti merkisviðburður var 1919, þegar lærdómsdeildinni var skipt í máladeild og stærðfræðideild. Árið 1937 var samin og samþykkt ný reglugerð fyrir Hinn alm. menntaskóla, sem nú hlaut sitt núverandi nafn, Menntaskólinn í Reykjavík. Aðalbreytingin, sem þessi reglugerð gerði á skólanum, var sú að gera tvo fyrstu bekkina gagnfræðadeild, en hina fjóra menntadeild, sem lyki með stúdentsprófi. Auk þess var nokkur tilfærsla á einstöku námsgreinum. Loks koma svo 1946 ofangreind lög um menntaskóla og í framhaldi þeirra Reglugerð fyrir menntaskóla 1951. Lögin (og reglugerðin) héldu sömu skipan um timalengd menntaskóla, þó að þessir skólar séu víðast hvar á Norðurlöndum þriggja ára, aðallega af því að ekki þótti fært að komast yfir sama námsefni á þremur árum, þar sem námstíminn í íslensku skólunum er svo miklu styttri en í erlendu skólunum. —

Fræðslu- og kennslumál hafa mjög verið á döfnni síðustu áratugi í nálega öllum menningarlöndum. Jafnvel þegar Bretar áttu mest í vök að verjast á síðari heimsstyrjaldarárunum, létu þeir sig fræðslumálin miklu skipta og settu ný lög um þau mál árið 1944 (The Butler Act). Mikilvægustu ákvæði þessara laga voru hækkan á skólaskylduatri (upp í 16 ár) og breyting á deildaskiptingu framhaldsskólanna (11—16). Framhaldsskólarnir (Secondary Schools) skiptast í 3 deildir eða flokka: 1) Secondary Grammar Schools, sem leggja áherzlu á bóklegt nám og eru einkum ætlaðir nemendum, sem ætla að stunda háskólanám; 2) Secondary Technical Schools, þar sem lögð er áherzla á raunvísindi og 3) Secondary Modern Schools, sem ætlaðir eru þeim, sem ekki eru tækir í hina tvo flokkana. Þessir skólar samsvara að mestu leyti gagnfræðastiginu hér. Menntaskólarnir (The Sixth Form, eða 6. bekkur) eru tveggja til þriggja ára. Þeir leggja áherzlu á undirbúning undir háskólanám og skiptast aðallega í tvær deildir, hugvísinda- og raunvísindadeild. Nemendur hafa aðeins fáar höfuðnámsgreinar, en geta svo valið sér aukagreinar. Þeir vinna oft saman í smáhópum (6—8). Í Bretlandi hefur mjög færzt í aukana skólafyrirkomulag, sem Bandaríkin og Svíþjóð hafa tekið upp, hinir svonefndu Comprehensive Schools. Þessir skólar eru tiltölulega nýtilkomnir (sá fyrsti var stofnaður 1957). Hafa þeir naumast fengið fulla reynslu og eru því enn nokkuð umdeildir. Eins og nafnið gefur til kynna eru þeir „yfirgrípsmeiri“ og fjölbreyttari en aðrir framhaldsskólar og innganga í þá er auðveldari en í aðra framhaldsskóla. Fyrsta árið eru nemendur í smáhópum, 4—16 í hóp, á meðan verið er að reyna þá. Eftir fyrsta árið eru þeir svo greindir í bekki og nám eftir mismunandi hæfileikum, en tilfærslur milli bekkja og námsefnis eru þeim síðar auðveldaðar. Þetta eru mjög fjölmennir skólar, oft með 2000—3000 nemendum.¹⁾

Næstir koma svo Íslendingar með skólalöggjöf sína frá 1946.

Danir höfðu þegar árið 1937 gert allveigamiklar breytingar á skólalöggjöf sinni, einkum að því, er varðaði „miðskólann“ (Mellemskolen). Frekari breytingar töfðust af síðari heimsstyrjöldinni, og ný fræðslulög voru ekki sett fyrr en 1958 með leiðbeiningum og reglum („rauðu bókinni“, 1960). Samkvæmt ákvæðum þessara laga er í framhaldi „aðalskóla“ (hovedskole) þriggja ára gagnfræðaskóli, sem veitir inntöku í 3ja ára menntaskóla. Fyrsti bekkur hans skiptist í 2 deildir, máladeild og stærðfræðideild, en efri bekkirnir 2 skiptast aftur annars vegar í fornmaladeild, nýmaladeild og þjóðfélagsfræðideild og hins vegar í stærðfræðideild, náttúrufræðideild og þjóðfélagsfræðideild. Auk þess eru kjörgreinar, (einkum í málum). Nokkrar greinar eru sameiginlegar (fælles) í öllum deildum og mynda eins konar kjarna.

Þessi ákvæði eru nú í þann veginn að komast í framkvæmd, nema helzt þjóðfélagsfræðideildirnar, enda vantar enn bæði kennara og kennslubækur.

Danir hafa ekki enn séð sér fært að hækka skólaskylduatriðinn, sem er enn einungis til 14 ára.

Stúdentsviðkoman er sú lægsta á Norðurlöndum; 1960 var hún 5.8% af aldursflokkunum, 1965 var gert ráð fyrir 7.8% og 1970 er gert ráð fyrir 9.0% til 10.7%.

1) Sbr. Teaching in Comprehensive Schools. A First Report. Cambridge 1960.

Meðaltala stúdenta af aldursflokki á Norðurlöndum er nú talin h. u. b. 15%.

Svíar hafa haft sig mjög framni í skólamálu á síðari árum, og að því er snertir rannsóknir á þeim sviðum eru þeir taldir standa einna fremst í Evrópu.

Á grundvelli tillagna skólanefndarinnar frá 1957 var árið 1962 sett ný löggjöf um skyldunámið (grundskólan), sem komin skal til fullra framkvæmda 1972. Nýskipan menntaskólastigsins var ákveðin 1964 á grundvelli tillagna sérstakrar menntaskólanefndar frá 1960 og svo nefndrar „fagskólanefndar“ frá 1962. Þessi nýskipan á að koma til framkvæmda árið 1966. Samkvæmt henni verða menntaskólarnir þriggja ára skólar (tæknideildir þó fjögurra ára) í beinu framhaldi af hinum 9 ára skyldunámsskóla. Fyrsta menntaskólaárið er námið að miklu leyti óskipt, en á öðru ári greinist það í fimm aðalnámsbrautir, þ. e. hugvísinda-, þjóðfélagsfræði-, hagfræði-, raunvísinda- og tæknideild (-,linje“). Hagfræði- og tæknideild greinast síðar innbyrðis í kvíslir, og í öllum deildum er gert ráð fyrir nokkru valfrelsi um námsgreinar og námsefni. Hins vegar skulu þær allar hafa sameiginlegan kjarna undirstöðugreina. Miklar breytingar eru gerðar á próffyrirkomulagi og stúdentspróf afnumið í núverandi mynd.

Auk hinna eiginlegu menntaskóla verða á menntaskólastigi svo nefndir fagskólur, tveggja ára. Eiga þeir ýmislegt sameiginlegt menntaskólunum, en stefna beinna að því að veita tiltekna starfsmenntun eða undirbúning undir frekari sérhæfingu. Í fagskólunum verða þrjár aðaldeildir: þjóðfélags-, hagfræði- og tæknideild.

Hugsunin með þessu kerfi er, að sem flestir unglingar fái notið hæfileika sinna að fullu, hver á sínu sviði. Afleiðingin verður m. a. sú, að stúdentaviðkoman eykst óðfluga, enda gera Svíar ráð fyrir, að um 1970 gangi um 50% af hlutaðeigandi aldursflokki í skóla menntaskólastigsins, þar af um 30% í menntaskólana sjálfa, en um 20% í fagskólana.

Því er ekki að neita, að allar þessar breytingar hafa valdið allmiklum deilum, ekki aðeins í Svíþjóð, heldur og á Norðurlöndum yfirleitt.

Norðmenn hafa haft sig miklu minna frammi en t. d. Svíar í skólamálu. Fræðslulöggjöf þeirra er frá 1935, 1959 og nú síðast 12. júní 1964 lög um gagnfræða- og menntaskóla. Samkvæmt síðastnefndum lögum eru gagnfræðaskólar 3ja eða 2ja ára og eru í framhaldi 7. bekkjar barnaskóla. Samkvæmt nýjustu tilskipan er barnaskólinn nú 6 ára og 3ja ára unglingskóli. Þeir, sem óska, geta einnig verið 10. árið í unglingskóla. Menntaskólar eru þriggja ára og eru annaðhvort framhald á 9 ára unglingskóla eða 2. bekk gagnfræðaskóla. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt ýmiss konar undanþágur, svo sem fjögurra ára menntaskóla í framhaldi 7 ára barnaskóla með viðbótarnámsskeiði, svo og 3ja ára verzlunardeild o. fl. Að öðru leyti eru engin ákvæði um deildaskiptingu í lögnum, en sennilega falið einstökum skólum í samráði við menntamálaráðuneytið að ákveða það. Sú deildaskipting, sem hingað til hefur verið ríkjandi er: Raunvísindadeild (Reallinjen), enskudeild (e. k. nýmáladeild) latínudeild, náttúrufræðideild, norrænudeild og „ökonomisk“ deild eða skole (e. k. millistig milli verzlunarskóla og þjóðfélagsfræðadeildar). Annars hefur hið mjög áhrifamikla Félag menntaskólakennara (Lektorlaget), sem hallast heldur að fjögurra en þriggja ára menntaskólum, stungið upp á eftirfarandi skiptingu, hvort sem bekkirnir eru 3 eða 4: Fyrsti bekkur sé sameiginlegur, efri bekkirnir (2 eða 3) skiptist í a) 1. eðlis- og stærðfræðideild; 2. líffræði- og stærðfræðideild og 3. þjóðfélagsfræðideild og b) 1. nýmáladeild, 2. þjóðfélagsfræðideild og 3. fornmaladeild. Nokkuð svipað og í Danmörku, en ennþá í deiglunni.

Í Finnlandi eru menntaskólar venjulega þriggja ára í framhaldi 5 ára miðskóla. Um það bil 75% menntaskólanna eru í einkaeigu eða sveitarfélaganna. Árið 1963 gaf finnska þingið út tilskipun um þá breytingu á skólakerfinu, að miðskólinn hverfi í núverandi mynd, en í hans stað komi 9 ára samfelldur skóli (líkt og 9 ára unglingskólinn, sem nú á að komast á í Noregi), en af honum taki svo við þriggja eða fjögurra ára menntaskóli. Samband finnskra menntaskólakennara er andvigt þess-

ari breytingu; segir, að of mikið muni þá verða slakað á kröfum, enda vanti tilraunir og reynslu. Í fyrra var því skipuð skólamálanefnd til þess að rannsaka málið, og er því skólafyrirkomulagið í Finnlandi einnig í deiglu.

Einnig í Vestur-Þýskalandi hafa skólamálin verið mikið rædd upp á síðkastið, enda er stúdentaviðkoman talin vera alltof lítil til þess að fullnægja sívaxandi þörfum. Það, sem gerir þar erfiðara fyrir, er, að hin einstöku „Länder“ hafa rétt til þess að ákveða hvert sitt skólakerfi. Hingað til hafa víðast hvar verið 9 ára menntaskólar og þá oftast með 3 deildum (eða skólum): 1) Nýmáladeild, 2) fornmáladeild og 3) stærðfræði-náttúrufræðideild. Árið 1959 komu menntamálaráðherrar der Länder sér saman um að stinga upp á svonefndu „rammakerfi“ (Rahmenplan). Samkvæmt því er um tvenns konar menntaskóla að ræða, lengri („Langform“), frá 5. til 13. námsárs, og svarar nokkurn veginn til fornmáladeildar, og styttri („Kurzform“), sem er 7 ára og er framhald 6 ára barnaskóla. Síðari skólategundin skiptist í 3 síðustu bekkjunum í stærðfræði- og náttúrufræðideild og máladeild; auk þess er eins konar verzlunar- og þjóðfélagsdeild (Wirtschaftsgymnasium). Fyrirkomulagið er mjög umdeilt og enn ekki komið fyllilega til framkvæmda.

Í Frakklandi hafa skólarnir hingað til að miklu leyti starfað eftir svo nefndu Langevin-Wallon-kerfi frá 1947. Að vísu var gefin út tilskipun 1959 með allmiklum breytingum, en eftir henni hefur ekki verið farið nema að nokkru leyti, einkum að því er námsefni snertir. Tilskipunin á að koma til framkvæmda 1967. Aðalbreytingin var hækkun á skólaskyldualdri úr 14 í 16 ár. Skólakerfið á að vera þannig:

1. 5 ára barnaskóli fyrir 6 til 11 ára börn („le cycle elementaire“).
2. Tveggja ára millistig („le cycle d'observation“), þar sem á að aðgreina börnin til framhaldsnáms.
3. Á eftir „le cycle d'observation“ koma:
 - a) Þriggja ára unglingaskóli, sem undirbýr undir ýmis störf, t. d. barnakennslu, og
 - b) Fjögurra ára menntaskóli (le lycée), sem skiptist í tvennt:
 - 1) fornmáladeildir með mismunandi mikla áherzlu á forntungurnar og mikla áherzlu einnig á raunvísindi, og
 - 2) nýmáladeildir (les modernes), þar sem lögð er áherzla á nýmál og eðlisstærðfræði. Þær njóta minna álits en „les lycées“.

Efsta bekk (classe terminale) lýkur með „baccalauréat“, sem tekið er í tvennu lagi með eins árs millibili (fyrrir og síðari hluti af baccalauréat).

Að lokum verður hér gerð örstutt grein fyrir skólafyrirkomulaginu í Bandaríkjunum og í Ráðstjórnarríkjunum, en á báðum stöðum er það mjög frábrugðið því, sem gerist á Norðurlöndum og í V.-Evrópu.

Í Bandaríkjunum eru menntaskólar ekki á sama hátt og í Evrópu, en ónákvæmt má segja, að í Bandaríkjunum svari til þeirra efstu bekkirnir í „senior high school“ + 1 til 2 ár í „college“.

Barnaskóla- og gagnfræðastig samsvara að nokkru í U. S. A. stígunum elementary og high (junior og senior). Um þrenns konar fyrirkomulag er að ræða:

8 ára „elementary“ + 4 ára „high“
6 ára „elementary“ + 6 ára „high“
6 ára „elementary“ + 3 ára „junior high“ + 3 ára „senior high“; 6 + 6 var algengast, en 6 + 3 + 3 er að vinna á.

Segja má, að nálega allir unglingar geti sótt high school. Námsgreinar eru afar margar, og nemendur hafa mjög frjálst val um þær. Lágmarkskröfur til lokaprófs (graduation) eru litlar, þó að mjög sé það misjafnt eftir skólum. Í sumum skólum er teikning, sönglist og bilaakstur skyldugreinar, og mikil áherzla er lögð á íþróttir. Til nemenda, sem ætla sér í fjögurra ára college (háskóla), eru þó gerðar talsvert meiri kröfur.

Aðsóknin bæði að high schools og colleges heldur áfram að aukast, t. d. er gert

ráð fyrir, að 40% af aldursflokkunum 18—21 árs sæki college. Að vísu er náms-efnið í bandarískum háskólum miklu fjölbreyttara en í evrópskum.

Eins og high schools eru misjafnir í U. S. A., eru háskólarnir það ekki síður, enda er aðsóknin að hinum beztu og frægustu svo mikil, að árlega verður að vísa fjölmörgum frá.

Ekki hefur skort á ádeilur á fræðslukerfið í sjálfum Bandaríkjunum. Meðal hinna mörgu, sem fundið hafa að, eru þeir James B. Conant og J. Lloyd Trump. Hinn síðarnefndi hefur borið fram mjög róttækar tillögur um kennsluformið. Hann vill annaðhvort kenna í fyrirlestrum, 100 nemendum eða fleiri í einu, eða í smáhópum, 12—15 eða 2—3, í samræðum eða sjálfsnámi.

Í Ráðstjórnarríkjunum tóku skólamálin miklum framförum eftir síðari heimsstyrjöldina. Fyrsta takmarkið var að koma á 7 ára skóla fyrir alla, og 1951 var ákveðið, að eftir 1955 skyldi vera 10 ára skólaskylda í borgum og eftir 1960 í sveitum.

Khrusjtsjov gerði nokkrar breytingar á þessu með lögum frá 1958. Samkvæmt þeim er skólaskylda í 8 ár, og á kennslan að vera almennt menntandi og „polyteknísk“, þ. e. jafnframt bóknámi eiga nemendur einnig að stunda erfiðisvinnu, sem hæfir þeirra aldri. Síðan kemur þja ára framhaldsskóli, sem virðist ekki vera skylda, og er með þrenns konar sniði:

1. Almennur verknámsskóli, þar sem nemendur fá kennslu annaðhvort á sérstökum skólavinnustöðum, í næstu verksmiðju eða húi.
2. Kvöldskólar fyrir ungmenni, sem eru í vinnu á daginn og
3. Sérstakir tækniskólar, þar sem minni háttar tæknisérfræðingar geta fengið menntun sína.

Auk þess eru sérskólar allt frá barnaskólastigi fyrir sérstaklega gáfuð börn, t. d. í stærðfræði, hljómlist o. s. frv.

Eiginleg deildaskipting er ekki eftir námsefni og prófkröfum, en munur er gerður á þeim eftir héruðum. Námsefnið er ekki mjög frábrugðið því, sem gerist í vestlægum löndum, en lögð er áherzla í sífellt ríkara mæli á raunvísindagreinar og einnig á rússneskar bókmenntir og eitt erlent mál.

Eftir 11 ára nám verða flestallir nemendur að vinna venjulega vinnu, og próflaust fá ekki nema beztu nemendur inngöngu í háskóla, enda eru mikil þrengsli í þeim eins og í öðrum æðri skólum. Er lögð mikil áherzla á að greiða veg hinna gáfuðustu ungmenna.

Eitt sovézt einkenni eru hinir mörgu bréfaskólar. Um 400 háskóladeildir víðsvegar um landið hafa hver sína bréfa-kennsludeild. —

Loks skal hér nefndur meðalaldur stúdenta við stúdentspróf í sömu löndum (nema Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum; samkv. upplýsingum OECD, 1960):

Bretland	18 ára
Ísland	19—20 —
Danmörk	18½ —
Svíþjóð	20 —
Noregur	19 —
Finnland	19 —
V.-Þýzkaland	20 —
Frakkland	19 —

Eins og þetta örstutta og ófullkomna yfirlit yfir skólafyrirkomulag nokkurra landa (Norðurlanda og fáeinna stórvelda) sýnir, eru skólamál nú hvarvetna með menningarþjóðum mjög á döfinni, hvarvetna eru þau breytingum undirorpin, ýmist er ný skólalöggjöf nýlega komin á, en ekki komin fyllilega í framkvæmd, eða hún er í undirbúningi, eða hún er svo ný, að naumast er komin full reynsla fyrir henni. En þetta sýnir bezt hinn aukna skilning bæði almennings og yfirvalda á hinu sívaxandi gildi skóla og kennslu. Í mjög stórum dráttum má e. t. v. segja, að stefnan í skólamálum, beinist nú meir en áður að því að leita uppi hæfileika hvers einstakl-

ings, á hvaða stigi og á hvaða sviðum, sem þeir hæfileikar eru, og þroska þá og efla, svo að þeir komi bæði einstaklingnum og heildinni að sem mestum notum.

Eftir þennan „útúrdúr“ verður nú aftur snúið að nefndinni og hennar störfum. Hún hefur hingað til (nóvember 1965) haldið alls 39 fundi. Af þeim var einn haldinn með menntamálaráðherra, tveir með byggingarnefnd Menntaskólans í Reykjavík og auk þess nokkrir með einstaklingum og smáhópum eða nefndum, sem þessi nefnd hefur unnið með.

Þegar í upphafi var nefndinni vel ljóst, hve mjög skólamál voru á döfinni í nágrannalöndunum og því nauðsynlegt að afla sér sem fyrst sem mestra og beztra upplýsinga og gagna frá nágrannaþjóðunum og e. t. v. fleiri þjóðum.

Var viðtækra upplýsinga af þessu tagi aflað með atbeina menntamálaráðuneytisins.

Tvennt var það annað, sem nefndin óskaði svars við þegar á fyrsta fundi (12. júlí 1963). Annað var það, að þar sem allir nefndarmenn væru bundnir við umsvifamikil embættisstörf, og sumir búsettir utan Reykjavíkur, væri illmögulegt eða ómögulegt að halda tíða og reglulega fundi, og því ómögulegt að leysa verkið af hendi í skyndi. Svar ráðuneytisins var, að ekki væri til þess ætlað, að verkið yrði unnið í miklum flýti, enda hefðu hliðstæð fundarstörf hjá hinum Norðurlandþjóðunum tekið langan tíma. Hitt atriðið, sem nefndin óskaði úrskurðar um, varðaði samband og samstarf við önnur skólastig. Taldi nefndin ómögulegt að einangra menntaskólastigið án þess að hafa samband og samráð við háskóla-, gagnfræða- og barnaskólastig. Var svar ráðherra við því jákvætt.

Þá var rætt og ákveðið að útbúa og senda út spurningaskrá til ýmissa skólanna, stúdenta og samtaka varðandi nokkur helztu vandamál nefndarinnar. Skrá þessi var tilbúin í desember 1963 og hljóðaði á þessa leið:

1. Teljið þér breytingar á skipulagi íslenskra menntaskóla aðkallandi, og að hverju ættu þær þá að stefna?
2. Hvaða galla teljið þér helzta á núverandi skipulagi?
3. Hvernig ætti tengslum milli a) miðskólastigs og menntaskóla b) menntaskóla og háskóla að vera háttað?
4. Eiga menntaskólar að vera þriggja eða fjögurra ára skólar?
5. Hvert á að vera höfuðverkefni menntaskóla?
6. Eiga menntaskólar að skiptast í deildir eftir námsefni, og þá hverjar?
7. Er rétt að hafa jafnframt kjörgreinar?
8. Á að gera breytingar á núverandi námsefni skólanna, og þá hverjar?
9. Á að gera breytingar á núverandi kennsluháttum skólanna, t. d. veita nemendum meira svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða?
10. Eiga kennslustofur að vera eingöngu sérkennslustofur eða bæði almennar og sérstakar?
11. Aðrar athugasemdir og tillögur.

Spurningarnar voru sendar eftirfarandi aðilum:

- a) Háskólakennurum.
- b) Kennurum við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands, Verzlunarskóla Íslands.
- c) Félögum og samtökum háskólamanna (svo sem: Bandalagi háskólamanna, Félagi B.A.-prófsmanna, Félagi ísl. fræða, Fél. ísl. náttúrufr., Tannlæknafél. Ísl., Verkfr.fél. Ísl.), deildarfélögum stúdenta í H. Í.
- d) Samtökum kennara, skólastjórum gagnfræðastigs og barnaskólastigs.
- e) Fulltrúum íslenskra stúdenta við háskólanám erlendis.

Nefndin mæltist til þess, að svör bærust ritara nefndarinnar fyrir 15. febrúar 1964. Það reyndist þó of mikil bjartsýni, og var fresturinn framlengdur til 1. maí sama árs.

Allmörg svör bárust, og voru þau fjölrituð og þeim útbýtt meðal nefndarmanna og nokkurra fleiri. Síðan hefur verið gerður stuttur útdráttur úr þeim, og fylgir hann

hér með. Svör bárust frá miklum mun færri en búizt hafði verið við, en þó komu fram margar mjög athyglisverðar athugasemdir og tillögur. Verður þeirra að nokkru getið síðar, þegar hin einstöku atriði og vandamál verða rædd, og nokkur afstaða tekin til þeirra af nefndarinnar hálfu.

b. Fundarhöld og samstarf við önnur skólastig.

Eins og áður er getið, hefur verið vandkvæðum bundið að halda reglulega fundi í nefndinni. Hún hefur oftast stillt svo til að halda fundi, þegar nefndarmenn utan Reykjavíkur hafa átt bezt með að sækja. Fundirnir hafa oftast verið haldnir í húsa-kynnum Menntaskólans í Reykjavík og nokkrum sinnum í Arnarhvoli. Til þess að flýta afgreiðslu málsins stakk nefndin upp á því að hafa sama hátt á fundarhöldum og skólamálanefndin frá 1945 hafði, en hún sat mikinn hluta sumars á sífelldum fundum á Laugarvatni. Þessu fékkst þó ekki framgengt. En tvisvar tókst samt að halda nokkra samfellda fundi, í ágúst 1964 og í byrjun september þ. á. Hefði verið ákjósanlegt, að fleiri slíkir fundir hefðu verið haldnir.

Á fundunum var oftast sá háttur hafður á, að það mál eða þau mál voru rædd, sem ákveðin höfðu verið á fundinum á undan. Var þá mjög oft fenginn einhver sérfræðingur eða sérfræðingar til þess að koma á fundinn, reifa málið og skýra og svara spurningum nefndarmanna. Stundum voru það líka heilar nefndir eða fulltrúar þeirra, sem nefndin var í samstarfi við. Engar samþykktir voru gerðar á þessum fundum, en málin skýrðust á þennan hátt.

Eins og áður er getið taldi nefndin óhjákvæmilegt að hafa samráð og samstarf við hin skólastigin, og væri ákjósanlegt, að þau settu á laggirnar nefndir, a. m. k. tvær, aðra fyrir háskólann og hina fyrir barnaskóla- og gagnfræðastigið. Ástæðurnar fyrir þessu samstarfi liggja í augum uppi: þar sem skólakerfið er samfellt og áframhaldandi, og þar sem verksvið menntaskólanna er að öðrum þræði að búa nemendur undir háskólanám, verða menntaskólarnir að þekkja til hlítar þær kröfur, sem háskólinn (og að vissu marki erlendir háskólar) gerir. Jafnframt ber menntaskólunum að kynnast vandlega, hvernig háttáð er undirbúningi nemenda á lægri stígunum, og hvaða tilfærslur og breytingar geta átt sér stað, svo að hægt sé að fullnægja síbreytilegum kröfum háskólans.

Eitt atriði enn er rétt að nefna, þegar rædd eru tengsl hinna fjögurra skólastiga, en það er stúdentsaldurinn. Í mörgum svörum við spurningum nefndarinnar kemur það fram, að mikill galli er það talið vera, hve gamlir nemendur eru, þegar þeir ljúka stúdentsprófi, nefnilega 19—20 ára, einkum þegar tekið er tillit til hins langa háskólanáms (sem í sumum greinum er að lengjast ískeyggilega mikið). Að vísu má segja, að stúdentsaldur hér er ekki svo ýkja hærri en annars staðar (sbr. skrá á bls. 22), en sumarleyfi (sbr. síðar) miklu lengra, og loks losna íslenskir unglingar við herþjónustu, en samt væri það kostur, ef lækka mætti stúdentsaldurinn um a. m. k. eitt ár. Mætti helst gera það með tilfærslum milli stiga. —

Fyrir tilstilli prófessors Ármanns Snævarr, háskólarektors, útnefndi háskólaráð eftirtalda menn í nefnd til þess að kanna tengslin milli menntaskóla og háskóla: Prófessorana Magnús Magnússon (formann), Bjarna Guðnason, Guðlaug Þorvaldsson, Steingrím Baldursson, svo og Eyþór Einarsson, náttúrufræðing. Verður störfum og tillögum þessarar háskólanefndar lýst stuttlega hér á eftir:

Eftir nokkur fundarhöld gerði háskólanefndin eftirfarandi samþykkt, sem hún afhenti menntaskólanefnd á sameiginlegum fundi:

„Nefndin hefur orðið sammála um, að strax þurfi að gera eftirfarandi:

1. Að láta fara fram könnun meðal háskólakennara eða háskóladeilda á þeim kröfum, sem þeim þykir tilhlýðilegt að gera til menntaskólanáms.
2. Að láta hliðstæða könnun fara fram meðal ýmissa stofnana. Við kannanir þessar mætti hafa hliðsjón af spurningalistum þeim, er Sviar hafa notað, sbr. Kraven på gymnasiet (Sth. 1963).
3. Að láta semja spjaldskrá, er greindi frá ferli stúdenta að loknu stúdentsprófi.

Augljóst er, að gagnasöfnun þessi og sú tölfræðilega úrvinnsla, sem fara þarf fram, er allmikið verk. Fer háskólanefndin þess á leit við menntaskólanefndina að fá starfslið um nokkurra mánaða skeið til að inna verk þessi af hendi“.

Jafnframt kom sú skoðun fram, „að nauðsyn sé á fastri rannsóknarnefnd eða -stofnun á sviði skólamála“.

Svipuð skoðun og tillaga kemur einnig fram frá hinni nefndinni (sjá síðar).

Menntaskólanefndin taldi mjög nauðsynlegt, að slík könnun færi fram, eins og getið er í ofangreindri samþykkt, 1.—2 tölulið, frá 30. okt. 1964. Og með samþykki ráðherra var Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðingur, ráðinn til þess að hjálpa til að semja spurningaskrá og síðan vinna úr svörunum í samráði við háskólanefndina. Spurningaskráin var samin með hliðsjón til spurninga Svianna, eins og áður getur, en gerð einfaldari og að nokkru sniðin eftir íslenskum aðstæðum. Síðan var hún prentuð og send út til 116 háskólakennara. Alls komu svör frá 55% aðspurðra, og var því þátttakan naumast eins góð og búizt hafði verið við. Svörin voru síðan fjölrituð, eftir að unnið hafði verið úr þeim (í september 1965). Er hér vísað til þeirrar úrvinnslu, en hennar getið síðar, er ýmis einstök atriði verða rædd. —

Eins og áður getur þótti rétt, að auk háskólanefndar starfaði einnig nefnd fyrir barnaskóla- og gagnfræðastigið. Ræddi formaður menntaskólanefndar þetta við Helga Eliasson, fræðslumálastjóra, og bað hann um að hafa forustu í slíkri nefnd og tilnefna menn í hana. Brást hann vel við þessu og kaus sér til aðstoðar þá skólastjórana Árna Þórðarson, Kristján Gunnarsson og Benedikt Sigvaldason, svo og Bjarna Vilhjálmsson, formann landsprófsnefndar. Voru þeir á sameiginlegum fundi með menntaskólanefndinni og tóku síðan til starfa. Aftur var haldinn fundur með þessari nefnd í nóvember 1964, og hafði hún þá skilað álitinu sínu og tillögum. Hafði fræðslumálastjóri orð fyrir þeim. Hann taldi m. a., að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af háum stúdentsaldri. Gott væri, að nemendur væru þroskaðir, þegar þeir kæmu í háskólann. Einnig taldi hann hæpið að lengja skólaárið í menntaskólunum, betra, að það stæði árinu lengur en að sumarleyfið yrði styt.

Eins og álitgerð nefndarinnar ber með sér, er hún tvíþætt: 1) annars vegar svör við beiðni menntaskólanefndar „að athuga tengsl menntaskóla og lægri skólastiga og hverra breytinga sé þörf í því efni“ og 2) hins vegar sérstakar nýjar tillögur.

Hvað fyrri atriðið snertir telur nefndin, að kennsla bæði í tungumálum og eðlis- og efnafræði eigi að hefjast fyrir en nú og geti byrjað í efstu bekkjum barnaskólaanna. Jafnframt þurfi að breyta kennsluáðferðum og bæta allan aðbúnað og tæki. Yrði þá að breyta námsskrá þessara skólastiga, svo og undirbúningsmenntun kennara í þessum greinum.

Um síðara atriðið, nýjar tillögur, er það að segja, að þeir koma inn á svipað atriði og háskólanefndin, nefnilega rannsóknarstofnun skólamála. Segja þeir orðrétt:

„Af þessu tilefni viljum við leyfa okkur að vekja athygli á, hversu aðkallandi það er, að komið verði upp rannsóknarstofnun skólamála, sem stöðugt vinni að athugunum og tilraunum á sviði skóla- og uppeldismála“ og aftur: „Til þess að standa undir kostnaði við þá rannsóknarstofnun, sem hér er gert ráð fyrir, leggjum við til, að henni verði árlega ætlaður ákveðinn hundradshluti af því fjármagni, sem varið er til skólamála í landinu“.

Menntaskólanefnd hefur mælt til þess, að þessi nefnd geri nánari tillögu um tilfærslur á lægstu stigunum tveimur, og hefur fræðslumálastjóri tekið þeim tilmælum vel.

26. janúar 1965 var menntaskólanefndin boðuð til fundar við menntamálaráðherra til þess að ræða störf nefndarinnar. Formaður gerði í upphafi stuttlega grein fyrir þeim og starfi undirnefnda hennar. Magnús prófessor Magnússon jók nokkru við, að því er varðaði störf þeirrar nefndar, er fjallar um tengsl háskóla og menntaskóla. Skýrði ráðherra síðan frá því, að hann hefði að undanfögnu hugleitt, hvort ekki væri ástæða til að efna til viðtæktrar endurskoðunar á fyrri skólastigum samhliða því, að fjallað væri um nýskipan menntaskóla. Kvaðst hann hallast að því, að henti-

ugast mundi vera að fela sérfróðum mönnum, t. d. einum fyrir hvert skólastig, að vinna verkið í fullu starfi, en að bakhjarli hefðu þeir tiltölulega fjölmennar nefndir, er kæmu saman öðru hverju til að fjalla um greinargerðir sérfræðinganna. Upp úr þessu starfi gæti e. t. v. vaxið rannsóknarstofnun. Spunnust síðan nokkrar umræður um það, hvernig skyldi háttað sambandi sérfræðinganna og nefndanna, en ekki var komið að neinni niðurstöðu. En ráðherra kvaðst mundi ræða við meðráðherra sína um að ráða fasta starfskrafta til að vinna að endurskoðunarstarfinu.

c. Gallar á núverandi skipulagi menntaskólanna.

Í spurningaskrá þeirri, er nefndin sendi út og áður er getið, er með 2. spurningu spurt um gallana á núverandi fyrirkomulagi menntaskólanna. Bárust allmörg svör þar að lútandi. Þá hefur einn nefndarmanna (Jóhann Hannesson, skólameistari) ritað stutta greinargerð um það atriði, og loks er dálítið, einkum óbeint, komið inn á það í rannsókn háskólanefndar á tengslum háskóla og menntaskóla.

Á þessum stað verða aðeins allra helztu gallar, sem taldir eru, stuttlega raktir, en ekki ræddir fyrir en komið er að því að ræða niðurstöður og ályktanir nefndarinnar.

1. Of fáar deildir og valfrelsi of lítið í einstökum greinum.
2. Kennslubókum og kennsluaðferðum úbótavant.
3. Nemendur venjast ekki nóg sjálfstæðum vinnubrögðum, en of mikill tími færi í yfirheyrslur.
4. Of mörg tungumál séu kennd, einkum í stærðfræðideild.
5. Kennslu í ýmsum mikilvægum greinum (svo sem listum og heimspeki) vanti.
6. Yfirleitt séu námsgreinar of margar og engin kennd til hlítar.
7. Of háar stúdentsaldur.

Nokkrir fleiri gallar eru til nefndir, en þessir eru hinir helztu.

Nokkur huggun er það í þessum hörðu dómum, að í allmörgum bréfum frá íslenskum stúdentum, er stunda nám við erlenda háskóla, er það tekið fram, að yfirleitt standi íslensku stúdentarnir hinum innlendu stúdentum fyllilega á sporði. Það sé aðeins á vissum sviðum, sem eitthvað vanti á undirbúning, og svo — e. t. v. eðlilega — ekki sé nóg æfing í talmáli hlutaðeigandi lands.

Hvað skólakerfið íslenska sjálf snertir, hefur það sætt minna aðkasti í ræðu og riti, en framkvæmd þess aftur á móti talsverðu, eins og alltaf má búast við. Margir erlendir skólamenn, er hafa kynnt sér það, hafa látið þau orð falla í eyru þess, er þetta ritar, að kerfið væri að mörgu leyti skynsamlegt, frjálslegt og að ýmsu leyti á undan sínum tíma. Það séu einkum tveir kostir við það: 1) Það veiti flestum unglíngum á skyldunámsaldri nokkurn veginn jafna aðstöðu til náms og 2) þeir þurfi ekki að taka ákvörðun um framhaldsnám fyrir en 15 ára gamlir, en erlendis hafi þeir hingað til orðið að gera það 11—12 ára gamlir, sem sé of snemmt yfirleitt. Einnmitt m. a. þessu sé nú verið að breyta með nýrri skólalöggjöf í öðrum löndum.

Fylgiskjal II.

Tengsl menntaskóla og lægri skólastiga. Álit sérnefndar.

Með bréfi menntaskólanefndar, dags. 10/7 1964, var þess farið á leit, að við undirritaðir tækjum sæti í „sérnefnd til að athuga tengsl menntaskóla og lægri skólastiga og hverra breytinga sé þörf í því efni“.

Við, sem undirnefnd þessa skipum, höfum rætt málið á breiðum grundvelli og orðið sammála um, að ýmissa breytinga sé þörf á námsefni og námstílhögun í barna- og gagnfræðaskólum. Til dæmis viljum við sérstaklega nefna eftirtalin atriði:

- a. Tungumálakennsla hefjist fyrr en nú er og byrji í efstu bekkjum barnaskólans.
- b. Kennsluaðferðir við tungumálanám séu jafnframt endurskoðaðar.
- c. Eðlis- og efnafræðikennsla hefjist fyrr en nú er, eigi síðar en í efsta bekk barnaskóla og sé stórum aukin í gagnfræðaskólum. Í þeirri grein skortir nú að mestu kennsluáðstöðu, kennslutæki og kennara. Í sambandi við aukna kennslu í eðlis- og efnafræði þarf einnig að endurskoða stærðfræðikennsluna í barna- og framhaldsskólum (tilfærslur námsefnis milli aldursflokka o. fl.).
- d. Flestar breytingar, sem gerðar kynnu að vera í skólunum skv. ofangreindu eða á öðrum sviðum, myndu leiða til þess, að þörf væri einhverra breytinga á menntun kennara, m. a. með aukinni æfingakennslu.
- e. Ef námsefni væri fært niður í barnaskóla eins og hér hefur verið rætt um, myndi það óhjákvæmilega leiða til endurskoðunar og breytinga á námsskrá og tilflutnings námsefnis milli barna- og gagnfræðaskóla og e. t. v einnig milli gagnfræða- og menntaskóla.
- f. Athuga þarf í grundvallaratriðum próf og einkunnagjafir í barna- og gagnfræðaskólum.
- g. Athugun fari fram á því, hvort hlutfall þeirra nemenda, sem standast ekki milli-bekkjapróf í menntaskóla, sé ekki óeðlilega hátt. Enn fremur verði athugað, hvort ekki sé hægt að veita framangreindum nemendum tækifæri til að ljúka hagnýtu framhaldsnámi, t. d. tækni- eða verzlunarnámi.

Okkur virðist, að þau fáu atriði, sem hér hefur verið dregið á, leiði í ljós annars vegar, hversu umfangsmikið verkefnið er, og hins vegar hvernig fræðsluferfið er allt samofið, þannig að hver einstök lausn hlýtur oft að leiða til breytinga víðar en á einu skólastigi.

Af því leiðir að okkar álitni, að allar breytingar á námsefni, kennslutilhögun og tengslum milli skólastiga krefjast mikils undirbúnings og vinnu, sem tæplega verður framkvæmd nema á löngum tíma með skipulagðri vinnu og sérhæfðum starfskröftum.

Þar sem við höfum hvorki starfsaðstöðu til að láta slíka vinnu í té né sérþekkingu til að leysa verkefnið af hendi, treystum við okkur ekki til að leggja fram ákveðnar tillögur um breytingar innan barna- og gagnfræðaskólanna. Slíkar tillögur myndi algerlega skorta nauðsynlegan grundvöll í rannsóknum á skólastarfinu á öllum skólastigum og þeirri heildarsýn yfir hugsaða uppbyggingu þess, sem þyrfti að vera forsenda þeirra.

Af þessu tilefni viljum við leyfa okkur að vekja athygli á, hversu aðkallandi það er, að komið verði upp rannsóknarstofnun skólamála, sem stöðugt vinni að athugunum og tilraunum á sviði skóla og uppeldismála.

Meðal nokkurra óleystra verkefna, sem slík stofnun ætti að vinna að eða fá unnin (t. d. af Hagstofu Íslands og Efnahagsstofnuninni), má nefna þessi:

1. Uppeldishlutverk skólans í þjóðfélagi, sem tekur örur breytingum, þ. e. hvernig skólinn getur gert æskuna sem hæfasta til að lifa í nútímaþjóðfélagi.
2. Hvernig varðveitir skólinn bezt sérkenni íslensks þjóðernis?
3. Athugun á mannfjölda og aldursflokkaskiptingu þjóðarinnar.
4. Áætlun um þróun atvinnuveganna og skiptingu vinnuaflsins milli starfsgreina.
5. Áætlun um menntunarkröfur innan hinna einstöku starfsgreina.
6. Mannafllaáætlun. Hve margra sérhæfðra einstaklinga þarfnast hver starfsgrein?
7. Samsvörun milli menntunarstigs og starfsgreinavals. Leiðbeiningar skólans um starfsval og undirbúningsmenntun (sérhæfingu) til starfs.
8. Hvernig getur sú viðleitni skólans, að allir einstaklingar fái sem jafnasta aðstöðu til að njóta sín og komast til menntunar og þroska, eftir því sem hæfnin leyfir, orðið sem raunhæfust í framkvæmd?
9. Kennarþörf (fjöldi kennara) og kennaramenntun, sem fullnægt geti ofangreindum þörfum skólans og þjóðfélagsins.
10. Skólastofnanir, nauðsynlegur fjöldi þeirra og stærðgreining.

11. Fjármagnspörf og nýting þess í skólakerfinu. Athuganir á hagræðingu. Rannsakað verði sambandið milli menntagæða landsmanna og aukinnar framleiðni þjóðarbúsins.
12. Rannsóknir (og tilraunir) á mörgum innri þáttum skólastarfsins, svo sem uppbyggingu skólanna og tengslum milli skólastiga, kennslutækni, námsefni, prófum og prófkröfum, lengd skólatíma o. m. fl.

Ofangreindar áætlanir þyrftu yfirleitt að ná 15—20 ár fram í tímann, þ. e. ná yfir þau ár, sem það tekur nemendur að ljúka skyldunámi og sérnámi til undirbúnings starfi.

Þeim verkefnum, sem bíða úrlausnar og óhjákvæmilegt virðist, að verði a. m. k. að einhverju leyti leyst í sambandi við endurskoðun skólakerfisins, hafa hér ekki verið gerð nein fullnægjandi skil.

Þau atriði, sem nefnd hafa verið, benda þó til þess, að viðtækar rannsóknir í skólamálamum séu orðnar mjög aðkallandi.

Til þess að standa undir kostnaði við þá rannsóknarstofnun, sem hér er gert ráð fyrir, leggjum við til, að henni verði árlega ætlaður ákveðinn hundraðshluti af því fjármagni, sem varið er til skólamála í landinu.

Reykjavík, 29. október 1964.

Helgi Eliasson.

Kristján J. Gunnarsson.

Bjarni Vilhjálmsson

Árni Þórðarson.

Til menntaskólanefndar.

Fylgiskjal III.

Könnun á tengslum háskóla og menntaskóla.

Könnun sú, sem hér er gerð grein fyrir, var gerð af sérnefnd, sem háskólaráð kaus í júlí 1964 að tilmælum menntaskólanefndar. Verksvið nefndarinnar var „að kanna tengsl menntaskóla og háskóla“. Nefndarmenn: próf. Magnús Magnússon, formaður, próf. Guðlaugur Þorvaldsson, próf. Steingrímur Baldursson, Eyþór Einarsson, grasafraeðingur, og próf. Bjarni Guðnason. Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðingur, vann að könnuninni á vegum nefndarinnar. Nefndin skilaði álitni í september 1965.

1. Almennar skýringar.

1.1 **Tilgangur og lýsing könnunar.** Tilgangurinn með könnuninni var að fá fram skoðanir háskólakennara varðandi nám í menntaskólum. Var miðað við fjölda greina og atriða, og mati hvers og eins gefið tölulegt gildi, þannig að reikna mætti út meðaltöl og gera grein fyrir niðurstöðunum á einfaldan hátt.

Í svörum við lið A skyldu kennararnir aðeins taka tillit til náms í sínum greinum við háskólann, en við lið B jafnframt taka tillit til ýmissa þátta þjóðlífs og menningarlífs. Liður C fjallaði svo um þekkingu og starfsleikni stúdenta. Fleiri spurningar voru lagðar fyrir, og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Spurningaformið var í aðalatriðum gert eftir sænskri fyrirmynd, en þar í landi hefur einmitt farið fram könnun meðal háskólakennara varðandi tengslin milli háskóla og menntaskóla til undirbúnings gagngerðri breytingu á menntaskólánáminu. Spurningarnar hér voru þó aðlagðar innlendum aðstæðum. Var í greinum og atriðum tekið allt með, er koma þótti til greina, að kennt yrði í íslenskum menntaskólum miðað við núverandi aðstæður.

1.2 Hverjum sent? Spurningaformið var sent til allra þeirra, er kenna við Háskóla Íslands, eða alls til 116 kennara.

1.3 Hverjir svöruðu? Alls svöruðu 64 kennarar eða 55% aðspurðra. Átta hinna spurðu voru erlendir sendikennarar, og af þeim svaraði einn. Svör bárust því frá 63 af 108 innlendum kennurum. Af þeim komu tvö ekki til álita, þar eð þau bárust svo seint. Var því um að ræða 61 svar frá 108 spurðum eða rúm 56%. Svarendur skiptast þannig, að 4 kenna við guðfræðideild, 30 við læknadeild (þar af 7 til upphafsprófs og I. hluta, 8 í tannlækningafræði og 3 í lyfjafræði), 6 við viðskiptadeild, 6 við íslenzk fræði, 8 við B.A. deild og 7 við verkfræðideild. Aðeins eitt svar barst frá lögfræðideild, frá aukakennara, og kom það ekki, fyrr en úrvinnsla var nær lokið. Unnið var úr 49 svörum eða rúmum 45% aðspurðra.

1.4. Úrvinnsla.

1.4.1 Niðurstöður þessarar könnunar verður að taka með töluverðri varúð. Þetta er fyrsta könnun af þessu tagi hér á landi, og hafa því spyrjendur og svarendur ef til vill ekki áttað sig á öllu sem skyldi. Einnig eru svörin fá, en hér er heldur ekki nema einn háskóli og hann lítill. Enn fremur barst ekkert svar frá einni deild, lögfræðideild, nema þetta eina, sem kom of seint. Æskilegt hefði verið, að fleiri hefðu svarað, en þó má árangurinn teljast viðunandi. Má og hafa í huga, að svarendur hafa vegna stöðu sinnar betri skilyrði til að leysa úr þessu verkefni en flestir aðrir.

Unnið var úr svörum þeirra kennara, sem kenna á fyrstu þremur árum háskólanámsins, þar sem gera má ráð fyrir, að kröfur þeirra um undirbúningsnám beinist að verulegu leyti að menntaskólanáminu. Hins vegar eru kröfur þær, sem gerðar eru á síðari árum háskólanáms, miðaðar að nokkru leyti við nám á fyrri háskólaárunum. M. a. af þessum sökum var ekki unnið úr svörum kennara við II. og III. hluta læknisfræði, þó að svör þeirra við spurningum IX, XI og að verulegu leyti III B séu jafngild svörum annarra kennara. Rétt væri að vinna að nýju úr svörum við þessum spurningum og taka þennan hóp með.

Unnið var úr svörum við spurningum III, A, III B, V C, IX og XI. Hér að framan var minnt á spurningar A, B og C, en að öðru leyti vísast til spurningaformsins.¹⁾ Spurning IX fjallaði um, á hvað mætti leggja aukna áherzlu og á hvað minni áherzlu í menntaskólanáminu, og spurning XI laut að því að ganga úr skugga um, hvort ýmsar breytingar á námstílhögun myndu verða nemendum í hag eða óhag.

Ekki var unnið úr svörum við fleiri spurningum, enda var ekki öllum svarað og sum svör sundurlaus.

1.4.2 Fyrst var unnið úr svörum við spurningum A, B og C á þann hátt, að svar við hverri grein var sett í dálk eftir þeirri einkunn, sem hver og einn hafði gefið. Síðan var fundin meðaleinkunn hvernar greinar, með því að meðaleinkunn deildarinnar var vegin með fjölda innritaðra stúdenta í viðkomandi deild haustið 1964. Þetta gildi um svör A og B, en meðaleikunn fyrir C var ekki reiknuð.

Meðaleinkunn greinar í deild j

$$e_j = \frac{\sum_{i=0}^4 k_{ij} e_i}{\sum_{i=0}^4 k_{ij}}$$

þar sem k_{ij} = fjöldi kennara í deild j, sem gefur einkunn i og einkunnin $e_i = i$, $i = 0, 1, 2, 3, 4$.

1) Ekki birt hér.

Meðaleinkunn greinar fyrir allar deildir

$$\bar{e} = \frac{\sum_j n_j \bar{e}_j}{\sum_j n_j}$$

þar sem n_j = fjöldi innritaðra stúdenta í deild j haustið 1964.

1.5 **Stofnanir og fyrirtæki.** Samtímis þessu var með lítilli fyrirhöfn látin fara fram aukakönnun meðal allmargra fyrirtækja og stofnana. En þessir aðilar voru spurðir hliðstæðra spurninga og háskólakennararnir. Í þessu sambandi voru einkum hafðir í huga stúdentar, sem fara beint út í atvinnulífið. Ekki var unnið úr svörum, þar sem þau bárust ekki mörg og voru vart fullnægjandi.

2. Niðurstöður.

2.1 **Hvað segja III A, III B, V C og IX og XI?** Í dálki A skyldi svaraandi aðeins taka tillit til náms í sínum greinum og gefur því heildarmeðaltalið (\bar{e}) til kynna meðalkröfur háskólans í dag. Í þessum dálki ber þó einkum að gefa gaum að meðaltölum innan deilda (\bar{e}_j), þar sem kröfurnar eru mjög misjafnar til hinna ýmsu námsgreina. Í dálki B átti einnig að taka tillit til ýmissa þátta þjóðlífs og menningarlífs og þar gefur heildarmeðaltalið (\bar{e}) vísbendingu um almennar kröfur þjóðfélagsins.

Úr C var ekki hægt að reikna meðaltal, eins og áður segir, en úr frumvinnslunni er hægt að lesa álitnið á þekkingu og starfsleikni meiri hluta stúdenta.

Ef einkunn í B dálki er mun hærri en í A dálki ($\Delta \bar{e} = \bar{e}_B - \bar{e}_A \geq 1$) bendir það til, að kröfur þjóðfélagsins séu þeim mun meiri en háskólans sérstaklega. Þetta gildir einkum um eftirfarandi greinar: Bókmenntir, stafsetningu, samningu ritgerða, Íslandssögu, mannkynssögu, náttúrulandafræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, líffræði, sálarfræði, bókfærslu, vélritun, stjórnufræði, eðlisfræði, dýrafræði, grasufræði, líkamsrækt, myndlistarkynningu og tónlist. Eðlilegt sýnist, að kjarni menntaskólanámsins sé einkum byggður upp af þeim greinum, sem fá hæsta einkunn í B ($\bar{e} \geq 2$), en þær eru: Bókmenntir, íslensk málfræði, setningafræði og merkjasetning, stafsetning, samning ritgerða, danska, enska, þýzka, Íslandssaga, mannkynsaga, náttúrulandafræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, almennur reikningur, algebra, vélritun, eðlisfræði, efnafræði, almenn líffræði, líkams- og heilsufræði, og síðast en ekki sízt ætti að haga náminu þannig, að það þjálfaði almenna starfsleikni og sjálfstæð vinnubrögð, þar á meðal leikni í að tjá sig skipulega í rituðu og mæltu máli.

2.2 **Skipting greina og atriða í hópa.** Greinarnar og atriðin, sem spurt var um, þ. e. helztu námsgreinar menntaskólanna í framtíðinni, skiptast í allmarga flokka eftir skyldleika. Verður nú gerð nokkur grein fyrir hverjum flokki fyrir sig og þeim einkunnum, sem hann hefur hlotið.

2.2.1 **Bókmenntir (nr. 1—4).** Bókmenntir fá heldur lágt í A, nema helzt íslensk bókmenntasaga. Deildarmeðaltal, \bar{e}_j , er frá 0 upp í 2.8 fyrir íslenskar bókmenntir og bókmenntasögu. En þessar greinar fá hátt í B. Kröfur þjóðfélagsins eru þá mun meiri en háskólans.

2.2.2 **Íslensk tunga (nr. 5—9).** Greinar íslenskrar tungu fá nokkuð hátt í A og enn herra í B. Deildarmeðaltöl, \bar{e}_j , í A eru t. d. frá 1.1. upp í 2.6 fyrir setningafræði og merkjasetningu, frá 1.0 upp í 3.0 fyrir stafsetningu og frá 0.9 upp í 3.8 fyrir íslenskar ritgerðir. Hæst í B eru stafsetning og íslenskar ritgerðir.

2.2.3 **Nýmál (nr. 10—17).** Tungumálin fá mjög misháar einkunnir. **Danska** er há, **sænska** lítið lægri í sumum deildum. **Enska** er mjög há; fær reyndar bæði í A og B hæstu meðaleinkunn, sem gefin er fyrir einstakar námsgreinar. Þýzka er há í A og B, deildarmeðaltöl, \bar{e}_j , í A frá 0.3 upp í 3.0, og **franska** er allhá í B, en lág í A, deildarmeðaltöl, \bar{e}_j , frá 0.2 upp í 1.3. Spænska, ítalska og rússneska eru aftur á móti mjög lágar, bæði í A og B.

2.2.4 **Formál (nr. 18—20).** **Latína** er lág bæði í A og B og **gríska** mjög lág. Deildarmeðaltöl, \bar{e}_j , í A eru fyrir latínu frá 0 upp í 3.2 (guðfræðideild) og fyrir grísku frá 0 upp í 3.7 (guðfræðideild). Aftur á móti er **orðmyndunarfræði** lítið eitt hærri en latína. Hugmynd spyrjenda var sú, að sænskri fyrirmynd, að kanna hvort orðmyndunarfræðin gæti ekki komið í stað formálanna. Er ekki víst, að allir svarendur hafi áttað sig á þeirri hugmynd.

2.2.5 **Trúarbrögð og heimspeki (nr. 21—22 og 30—31).** Þessar greinar fá allar lágt í A, en verulega herra í B og þar eru heimspeki og sálarfræði hærri en trúarbrögð og kristinfræði.

2.2.6 **Saga (nr. 23—26).** Íslandssaga og mannkynssaga eru lágar í A en miklum mun hærri í B. (Deildarmeðaltöl, \bar{e}_j , í A eru frá 0 upp í 3.0, og heildarmeðaltöl í B, \bar{e} , hærri en 2).

2.2.7 **Þjóðfélagsfræði (nr. 28—29).** Þjóðfélagslandfræði og þjóðfélagsfræði eru lágar í A, en hins vegar háar í B.

2.2.8 **Stærðfræði (nr. 32—38 og 43).** Stærðfræðigreinarnar eru lágar í A að heildarmeðaltali nema almennur reikningur, algebra og líkindareikningur. Deildarmeðaltöl eru nokkuð mismunandi, en eftirtektarvert er þó, að líkindareikningur fær svipuð meðaltöl í öllum deildur, frá 0.7 til 2.0. Í B eru þessar greinar mun hærri. Þar er almennur reikningur mjög há, algebra há og líkindareikningur og tölfræði, ásamt notkun reiknistokks allhá.

2.2.9 **Viðskiptagreinar (nr. 39—42).** Þessar greinar eru mjög lágar í A, en mun hærri í B, einkum vélritun og í minna mæli bókfærsla.

2.2.10 **Eðlisfræðilegar greinar (nr. 27 og 44—46).** Náttúrulandafræði og stjörnufræði eru lágar í A í öllum deildum, en eðlis- og efnafræði eru háar í læknadeild og verkfræðideild. Allar eru þessar greinar háar í B, en stjörnufræði þó lægst.

2.2.11 **Líffræðilegar greinar (nr. 47—50).** Þessar greinar eru lágar í A nema í læknadeild, en háar í B, einkum almenn líffræði og líkams- og heilsufræði.

2.2.12 **Líkamsrækt (nr. 51).** Líkamsrækt er lág í A, en há í B.

2.2.13 **Listir (nr. 52—55).** Þessar greinar eru mjög lágar í A nema teikning. Aftur á móti eru þær mun hærri í B.

2.2.14 **Almenn starfsleikni (nr. 56—66).** Þessi atriði um almenna starfsleikni og sjálfstæð vinnubrögð fá yfirleitt mjög hátt bæði í A og B, en athugun á C sýnir, að stúdentum er ábótavant í þessum eignum og því úrbóta þörf.

2.3. **Spurning IX.** Í þessari spurningu voru svarendur heðnir að segja, hvort þeir vildu að meiri eða minni áherzla yrði lögð á ákveðnar greinar eða atriði. Þegar svörin hafa verið vegin með fjölda nýinnritaðra nemenda í hverri deild verða niðurstöðurnar, sem hér segir: Íslenska, svipuð áherzla, erlend nýmál, svipuð, erlend formál, minni, með 5.6 í einkunn, svipaða 2.0 og aukna 0.0, stærðfræði, svipuð áherzla, almenn fræðsla í hugvísindum, svipuð, almenn fræðsla í raunvísindum, meiri, með 6.9, svipuð 1.1 og minni ekkert, almenn fræðsla í þjóðfélagsfræðum, meiri áherzla, með 4.4, svipuð 3.6 og minni 0.0, tæknilegar greinar, meiri, með 4.8, svipuð 1.8 og

minni 0.5, viðskiptalegar greinar, svipuð, trúarbrögð og siðfræði, svipuð, listir, meiri, með 3.6, svipuð 3.1 og minni 0.0, líkamleg þjálfun, svipuð og þjálfun við sjálfstætt nám, meiri áherzla með 8.3, svipuð 0.1 og minni ekkert.

2.4 **Spurning XI.** Í þessari spurningu voru svarendur beðnir að segja til, hvort þeir álitu ákveðnar breytingar á náminu verða menntaskólanemendum í hag eða óhag. Niðurstöðurnar urðu sem hér segir: Aukið almennt nám og minni sérhæfing töldu langflestir í óhag (24 á móti 6). Mikill meirihluti (28 á móti 8) taldi aukið frjálsræði í vali námsgreina í hag, og miðuðu þá fleiri við fasta deildaskiptingu, en margir virtust einnig geta hugsað sér valfrelsið án fastrar deildarskiptingar (19 í hag, 13 í óhag). Allir voru fylgjandi auknum sjálfstæðum verkefnum (40 á móti 0). Mikill meirihluti (24 á móti 6) taldi það í hag, að á hverjum tíma væri lögð áherzla á fáar námsgreinar. Meirihluti (21 á móti 11) taldi það í hag, að fyrirlestrar og umræður kæmu að miklu leyti í stað yfirheyrslu við nám. Mikill meirihluti (20 á móti 6) taldi það í hag, að vinna yrði aukin í skólunum á kostnað heimavinnu og að stuðlað yrði að meiri hópvinnu nemenda (19 á móti 5). Meirihluti vildi láta takmarka skyndipróf (19 á móti 13). Og mikill meirihluti (24 á móti 6) var því einnig fylgjandi, að síðasti bekkur menntaskóla taki á sig háskólabrag varðandi kennslutilhögun og afstöðu kennara til námsefnis.

3. Ályktanir.

Hér fara á eftir helztu ályktanir, sem unnt er að draga af úrlausnunum, en frekari athugun gagna gæti leitt sithvað fleira í ljós.

3.1. **Deildaskipting með valfrelsi.** Eins og áður segir, vildi mikill meirihluti spurðra, að aukið yrði frjálsræði í vali námsgreina, svo og voru þeir fleiri, sem vildu fasta deildaskiptingu. Niðurstaðan er því deildaskipting með valfrelsi. Eitt meginverkefni í skipulagningu menntaskólanámsins hlýtur að vera að koma þessari nýju skipan haganlega fyrir.

3.2 **Deildir.** Hér á eftir verður vikið að einstökum deildum í menntaskólunum. En almennt má segja, að skoðanakönnunin styðji eindregið myndun þriggja deilda, þ. e. máladeildar, stærðfræðideildar og náttúrufræðideildar, og bendi til þess, að fjórða deildin, þjóðfélagsfræðideild, ætti að koma síðar. Á sama hátt mælir skoðanakönnunin á móti fornáladeild, þar sem kröfur til fornáladeildar virðast ekki réttlæta, að sérstök deild sé sett upp með þau að meginstofni.

3.2.1 **Máladeild.** Tungumálanám hlýtur alltaf að verða ein meginuppistaða einnar deildar. Og reyndar er nám erlendra tungumála svo mikilvægt, að mikinn tíma hlýtur að taka í öllum deildum. Ef vikið er almennt að tungumálanámi, þá sýnast kröfurnar annars vegar og tíminn, sem eyða má hins vegar, benda til þess, að dönskuna skuli kenna meir á fyrri skólastigum. Kröfur þær, sem gerðar eru til sænsku, benda til, að æskilegt væri, að a. m. k. máladeildarnemendur fengju einhverja hugmynd um grundvallarmuninn á dönsku og sænsku (og jafnvel norsku).

Á ensku þarf að leggja sérstaka áherzlu, enda eru kröfurnar þar miklar. Ensku þarf vitaskuld að kenna vel í öllum deildum, en það liggur í hlutarins eðli, að máladeildarnemendur öðlist þar mesta þekkingu, m. a. í bókmenntum. Óþarfi er að taka það fram, að lögð er áherzla á ensku eingöngu vegna þess, að stúdentar verða að hafa vald á einhverju heimsmáli, og er þá enskan óumdeilanlega hagnýtust.

Þýzka fær það háa einkunn, að hana þyrfti að kenna allmikið í öllum deildum.

Frönsku mætti hugsa sér sem skyldunámsgrein í máladeild, en valgrein í öðrum deildum.

Latína sýnist ekki koma til greina nema í máladeild og jafnvel þar ætti varla að leggja mikla áherzlu á hana. Réttara er að leggja áherzlu á nýmálin milliliða-

laust. Til þess bendir m. a., að kröfur heimspekideildar (íslensk fræði) og B.A. deildar til þýzku eru verulega hærri en til latínu. Hins vegar eru kröfur þessara deilda í A verulega lægri til frönsku en latínu, en almennar kröfur allra deilda (í B) verulega hærri til frönsku. **Orðmyndunarfræðin** gæti komið að nokkru leyti í staðinn, eins og bent hefur verið á.

3.2.2. Stærðfræðideild. Stærðfræðin yrði undirstaða stærðfræðideildar, og þar yrði einnig lögð áherzla á eðlis- og efnafræði. Að tungumálunum er áður vikið. Stærðfræðideildin yrði hreinni stærðfræðideild með tilkomu náttúrufræðideildar heldur en nú er.

3.2.3 Náttúrufræðideild. Könnunin styður myndun náttúrufræðideildar. Nám í læknadeild gerir verulegar kröfur til efnafræði (3.2), eðlisfræði (2.5) og líffræði (2.0) og nokkrar til líkams- og heilsufræði (1.3), dýrafræði (1.0) og grasufræði (0.7). Kröfur deildarinnar til stærðfræðigreina eru töluverðar, en þó aðrar og töluvert minni en kröfur verkfræðideildar. Af sænsku könnuninni, sem könnun þessi er byggð á, má sjá, að kröfur til háskólanáms í líffræðilegum greinum eru svipaðar og í læknadeildum, hvað snertir ofantaldar greinar. Virðist því grundvöllur vera fyrir deild, sem leggur höfuðáherzlu á líffræðilegar greinar, svo og efnafræði, eðlisfræði, náttúrufræði með jarðfræði og stærðfræði.

3.2.4 Þjóðfélagsfræðideild. Líkur benda til, að eðlilegt yrði síðar að stefna að myndun þjóðfélagsfræðideildar, en það er ekki tímabært að sinni. Aðaluppistaðan í þjóðfélagsfræðideild yrði sennilega almenn félagsfræði, þjóðhagfræði, stjórnskipunarfræði og þjóðfélagslandafræði.

3.2.5 Verzlunarskólinn og Kennaraskólinn. Nauðsynlegt er að afmarka svið Verzlunarskólans og Kennaraskólans innan eða utan þeirrar deildarskiptingar, sem ákveðin verður í hinum almennu menntaskólum. En það er utan sviðs þessarar könnunar að gefa til kynna, hvernig það skuli gert.

3.3 Kjarni menntaskólanámsins. Hér að framan (í niðurlagi 2.1) er rætt um, hvaða greinar sé eðlilegast, samkvæmt skoðanakönnuninni, að myndi kjarna menntaskólanámsins. Þessi kjarni ætti þá að vera meira og minna sameiginlegur fyrir allar deildir allra menntaskólanna. Er þá fyrst og fremst miðað við kröfur þjóðfélagsins (há einkunn í B) og einnig, ef allar deildir gefa allháa einkunn í A, sem þá sýna nokkuð samhljóða kröfur frá háskólanum. Greinar kjarnans yrðu þá skyldugreinar og að mestu utan valgreinakerfisins, nema þegar gefa ætti nemendum kost á frekara námi í sumum greinanna. Könnunin bendir til, að eftirfarandi greinar eða svið verði í kjarnanum: Íslenskar og erlendar bókmenntir, íslenska, danska, enska, þýzka, saga, náttúrufræði, þjóðfélagslandafræði, þjóðfélagsfræði, almennur reikningur, algebra, líkindareikningur, vélritun, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, líkams- og heilsufræði, dýra- og grasufræði.

3.4 Valgreinar. Flestir virðast vera þeirrar skoðunar, að sjálfsagt sé að gefa nemendum kost á að velja á milli vissra greina. Einkum yrðu þetta greinar utan við kjarnann, en einnig áframhald á kjarnagreinunum. Mætti hugsa sér í þessu sambandi, að nemendur stunduðu í sumum tilvikum eitthvert nám í öðrum deildum. Valgreinarnar yrðu nemendur að velja í samráði við kennara eða sérstaka umsjónarmenn, er sæju um, að valið félli í skynsamlegt kerfi og ekki yrði valin of létt eða of þung samsetning. Í sambandi við hið síðastnefnda ætti að hafa hliðsjón af getu nemandans, t. d. í öðrum tungumálum, þegar um tungumál væri að ræða.

3.5 Greinar, sem fella ætti niður eða draga úr. Þar er fyrst og fremst um að ræða latínu, og visast til þess, sem um hana er sagt í 3.2.1. Er ljóst, að latína ætti ekki að vera skyldugrein í stærðfræði- og náttúrufræðideildum og ætti alls ekki

að vera stærsta grein máladeildar. Franska kemur tæpast til greina í stærðfræði- og náttúrufræðideildum nema e. t. v. sem valgrein.

3.6 Greinar, sem bæta ætti inn eða auka. Hér er um allmargar greinar að ræða, bæði skyldugreinar og valgreinar. Það eru nokkur tungumál, sem hugsanlegar valgreinar; orðmyndunarfræði í stað forn mála; þjóðfélagslandafræði og þjóðfélagsfræði; heimspeki og saga hennar sem valgrein og nokkrar listgreinar, sem velja mætti úr. Auk þess þarf að leggja höfuðáherzlu á meiri starfsleikni, en slíkt ætti að mega tengja ýmsum námsgreinum.

4. Lokaorð.

Könnun þessi á tengslum háskóla og menntaskóla er að mörgu leyti ófullkomin. Í fyrsta lagi er hún að mestu leyti miðuð við Háskóla Íslands. Úr þessu mætti bæta með athugun á sænsku könnuninni, sem birt er í Kraven på gymnasiet eftir Urban Dahllöf, Stockholm 1963. Ef hún er athuguð, má þó sjá, að kröfur verkfræðideilda falla að töluverðu leyti saman við kröfur stærðfræðilegra háskóladeilda. Áður hefur verið bent á hliðstæðu með læknaeild og líffræðilegum háskóladeildum. Í öðru lagi eru spurningar þær, sem sendar voru til háskólakennara, svör við þeim og úrvinnsla svaranna ófullkomin, enda var þessi könnun frumtilraun. Af áhuga þeim og umhugsun, sem hún hefur vakið meðal margra, virðist rétt að endurtaka hana innan fárra ára, og mætti þá ráða bót á einhverju af því, sem miður hefur farið í þessari könnun.

Úrvinnsla úr svörum við spurningum III A og B.

Nr.	Greinar	Deildarmeðaltöl A						Heildar- meðaltal		
		Guðfr.- deild (4)*	Lækna- deild (74)	Laga- deild (35)	Viðsk.- deild (35)	Heimspekið.		Verkfr.- deild (21)	A	B
						Ísl.fr. (16)	B.A. (96)			
1.	Lestur íslenzkra bókmennta	2.0	0.0	-	0.0	2.8	1.7	0.0	0.86	2.13
2.	Lestur erlendra bókmennta	2.2	0.0	-	0.0	1.0	2.0	0.0	0.88	1.96
3.	Íslenzk bókmenntasaga	1.0	0.0	-	0.0	2.8	2.1	0.0	1.02	2.04
4.	Erlend bókmenntasaga	1.3	0.0	-	0.0	1.0	1.8	0.0	0.79	1.89
5.	Íslenzk málsaga	1.0	0.0	-	0.0	3.6	1.5	0.0	0.84	1.67
6.	Íslenzk málfræði	2.5	1.2	-	1.1	3.6	1.7	1.0	1.53	2.50
7.	Setningafræði og merkjasetning	1.7	1.2	-	1.1	2.6	1.8	1.9	1.83	2.26
8.	Stafsetning	2.0	1.4	-	1.0	3.0	2.2	1.9	1.81	2.81
9.	Íslenzkar ritgerðir	2.5	0.9	-	1.8	3.8	1.6	1.4	1.56	2.81
10.	Danska	2.7	1.7	-	1.7	3.2	2.1	2.6	2.41	2.77
11.	Sænska	2.2	1.3	-	0.5	2.8	1.5	0.4	1.30	1.67
12.	Enska	3.0	3.1	-	2.8	3.2	2.0	2.6	2.60	3.10
13.	Þýzka	3.0	1.3	-	0.3	3.0	1.9	1.7	1.56	2.28
14.	Franska	1.3	0.6	-	0.2	1.0	0.9	0.4	0.67	1.66
15.	Spænska	0.0	0.1	-	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	0.04
16.	Ítalska	0.0	0.1	-	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	0.02
17.	Rússneska	0.0	0.1	-	0.0	0.0	0.0	0.0	0.03	0.35
18.	Latína	3.2	0.7	-	0.0	2.2	1.4	0.0	0.95	1.02
19.	Gríska	3.7	0.0	-	0.0	0.8	0.2	0.0	0.19	0.41
20.	Orðmyndunarfræði (saga og notkun klassískra orða og orðstofna)	3.0	0.3	-	0.5	2.2	1.6	0.4	1.00	1.26
21.	Trúarbragðasaga	3.4	0.0	-	0.0	1.0	0.8	0.0	0.41	1.37
22.	Kristinfræði	3.4	0.0	-	0.3	1.2	0.7	0.0	0.45	1.32
23.	Íslandssaga fyrir 1800	2.0	0.0	-	1.0	2.4	2.0	0.0	1.12	2.60
24.	Íslandssaga eftir 1800	2.0	0.0	-	1.1	2.2	1.4	0.0	0.87	2.30
25.	Mannkynssaga fyrir 1800	3.0	0.0	-	0.8	2.0	1.6	0.1	0.93	1.93
26.	Mannkynssaga eftir 1800	2.2	0.0	-	1.0	1.7	1.7	0.1	0.96	2.16

* Fjöldi innritaðra stúdenta haustið 1964.

Úrvinnsla úr svörum við spurningum III A og B (frh.).

Nr.	Greinar	Deildarmeðaltöl A						Heildar- meðaltal		
		Guðfr.- deild (4)*	Lækna- deild (74)	Laga- deild (35)	Viðsk.- deild (35)	Heimspékið.		Verkfr.- deild (21)	A	B
						Ísl.fr. (16)	B.A. (96)			
27.	Náttúrulandafræði (fysísk geografi, þ.á m. haffr. og veðurfr.) og jarðfr.	0.3	0.3	--	0.7	0.2	1.5	0.7	0.85	2.11
28.	Þjóðfélagslandafræði (kulturgeo- grafi, þ. á m. hagræn landafræði)	0.7	0.1	--	1.5	0.2	1.6	0.0	0.89	2.03
29.	Þjóðfélagsfræði (almenn félagsfræði, þjóðhagfræði, stjórnskipunar- fræði o. fl.)	2.2	0.0	--	1.3	0.5	1.5	0.0	0.84	2.18
30.	Sálarfræði	2.2	0.6	--	0.8	1.5	0.3	0.0	0.55	1.61
31.	Heimspéki og saga hennar	3.0	0.1	--	0.7	1.8	1.0	0.3	0.71	1.63
32.	Almennur reikningur	0.0	2.8	--	3.0	1.4	0.9	3.7	2.03	2.98
33.	Analytísk geometría	0.7	1.4	--	1.2	0.0	0.3	3.0	0.98	1.46
34.	Stereometría	0.0	1.3	--	0.4	0.0	0.6	2.3	0.88	1.20
35.	Önnur geometría	0.0	1.5	--	1.0	0.0	0.6	2.6	1.05	1.50
36.	Algebra	0.7	1.9	--	1.8	0.0	0.6	3.9	1.41	2.16
37.	Differential- og integralreikningur	0.7	1.3	--	1.2	0.0	0.2	2.7	0.88	1.43
38.	Líkindareikningur og tölfræði (statistik)	0.7	1.2	--	2.0	1.2	0.9	1.6	1.22	1.76
39.	Viðskiptareikningur	0.7	0.1	--	2.7	0.0	0.0	0.0	0.42	1.08
40.	Rekstrarhagfræði	0.3	0.0	--	1.3	0.0	0.0	0.0	0.19	0.94
41.	Bókfærsla	1.0	0.3	--	2.0	0.0	0.2	0.0	0.47	1.49
42.	Vélrítun og uppsetning bréfa	1.3	0.5	--	0.8	1.5	0.5	0.7	0.64	2.07
43.	Notkun reiknistokks	0.0	1.8	--	0.5	0.0	0.6	3.1	1.12	1.92
44.	Stjórnufræði	0.7	0.1	--	0.0	0.2	0.7	1.0	0.41	1.43
45.	Eðlisfræði	0.7	2.5	--	0.0	0.2	0.9	3.0	1.38	2.55
46.	Efnafræði	0.7	3.2	--	0.0	0.2	0.6	2.0	1.45	2.43
47.	Almenn líf fræði	0.7	2.0	--	0.0	0.2	0.2	0.1	0.71	2.22
48.	Líkams- og heilsufræði	1.0	1.3	--	0.0	0.2	0.2	0.1	0.50	2.05
49.	Dýrafræði	0.7	1.0	--	0.0	0.2	0.4	0.0	0.48	1.78
50.	Grasafræði	0.3	0.7	--	0.0	0.2	0.6	0.0	0.46	1.74
51.	Líkamsrækt	0.7	0.8	--	0.0	0.0	0.0	0.0	0.25	1.80
52.	Teikning	0.7	0.8	--	0.5	0.5	1.6	1.3	1.09	1.72
53.	Myndlistarkynning	1.2	0.0	--	0.0	0.2	0.6	0.0	0.27	1.45
54.	Tónlist (tónfræði, söngur o. fl.)	0.5	0.0	--	0.0	0.2	0.3	0.0	0.14	1.39
55.	Tónlistarkynning	1.5	0.0	--	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	1.41
Almenn starfsleikni:										
56.	að tileinka sér aðalatriðin í texta	3.7	3.6	--	3.3	3.7	2.9	3.6	3.30	3.64
57.	að tileinka sér aðalatriðin í fyrir- lestri	3.0	3.5	--	3.0	3.7	2.6	3.6	3.14	3.34
58.	að nota handbækur og bókasöfn	3.5	3.1	--	3.0	2.8	3.2	2.9	3.10	3.38
59.	að tjá sig skipulega í rituðu máli	3.0	2.4	--	3.3	3.8	2.8	3.1	2.85	3.49
60.	að tjá sig skipulega í mæltu máli	3.0	2.3	--	3.2	3.8	2.0	2.9	2.47	3.40
61.	að setja fram skoðanir um og ræða lesinn texta eða erindi eftir stutt- an undirbúning	2.7	0.5	--	2.0	3.3	1.8	2.1	1.58	2.30
62.	að ganga frá einföldum, hagnýtum skrifum, svo sem umsóknum, til- kynningum, auglýsingum	2.3	0.8	--	2.2	2.4	1.6	1.4	1.49	2.59
63.	að kunna að fara með töflur og línu- rit	1.7	2.5	--	2.3	1.3	1.9	2.6	2.15	2.67
64.	að skipuleggja meiri háttar starf og skýra það munnlega og skriflega	1.7	1.2	--	1.3	1.4	1.4	1.7	1.35	2.15
65.	að undirbúa og framkvæma tilraun í rannsóknarstofu	0.0	2.3	--	0.0	0.0	0.4	0.9	0.92	1.59
66.	að gera stutta en nákvæma grein fyrir tilraun í rannsóknarstofu	0.0	2.7	--	0.0	0.0	0.4	1.0	1.05	1.80

* Fjöldi innritaðra stúdenta haustið 1964.

Fylgiskjal IV.

Vinnuaðstaða nemenda, kennara og skólastjóra.

1. Almennar athugasemdir.

Allt fram á þennan dag hafa menn ekki varið miklum tíma á landi hér til að ihuga þetta mál, vinnuaðstöðu nemenda, kennara og skólastjóra. Nokkrar kennslustofur með misjafnlega góðum töflum, kennaraborð og einhver samtíningur af borðum og stólum fyrir nemendur, herbergiskytra, sem kölluð hefur verið kennarastofa, já, meira hefur eiginlega ekki þurft til að fullnægja hugmyndum Íslendinga um skóla allt fram á síðustu ár, einkum framhaldsskóla.

Allir, sem kynnt hafa sér skólabyggingar í nágrannalöndum vorum, vita, hversu rík áherzla er þar lögð á að skapa sem best vinnuskilyrði við skólana fyrir alla, er þar eiga að starfa. Hafa menn fyrir löngu, bæði austan hafs og vestan, gert sér grein fyrir því, að rúmgott og vel skipulagt skólahús er nauðsynlegur grundvöllur árangursríks fræðslustarfs. Er raunar óhætt að kveða svo að orði, að umræður um breytta og bætt skipan á kennslunni séu meira og minna út í hött, ef eigi er jafnframt af fremsta mætti unnið að endurbótum á sjálfu húsnæði skólanna. Þá er eigi nóg að fjölga kennslustofum, heldur verður jafnframt að fullnægja öðrum kröfum um viðunandi skólahúsnæði, ef vel á að vera.

2. Rannsóknir Dana á sviði skólabygginga.

Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri hefur góðfúslega lánað mér skýrslu danska menntamálaráðherrans, K. B. Andersens, um skólabyggingar. Var skýrsla þessi lögð fram á fimmtu ráðstefnu menntamálaráðherra Evrópulanda, sem haldin var í októbermánuði s. l. í Vínarborg. Skýrsla þessi er næsta fróðleg um margt. Fyrst og fremst kemur þar skýrt fram, hversu markvisst Danir hafa unnið á undanförunum árum að því að leysa húsnæðismál skólanna. Er þar í engu rasað fyrir ráð fram, heldur eru allar framkvæmdir byggðar á rannsóknum sérfróðra manna, sem stjórnin hefur falið að gaumgefa einstaka þætti þessa mikla vandamáls, sem skólabyggingar eru í nútíma þjóðfélagi, m. a. sakir þess, hve háar kröfur eru gerðar til þess konar húsnæðis, svo að það geti þjónað sínu hlutverki sem best, og hins vegar vegna hinnar gífurlegu fjárfestingar, sem sí-auknar skólabyggingar hafa í för með sér fyrir hið opinbera.

Raunar ættu niðurstöður þessara merku rannsókna vinapjóðar vorrar að vera kunnar þeim forystumönnum íslenzkum, sem mest fjalla um þessi mál, því að í skýrslu danska menntamálaráðherrans kemur fram, að samvinna er meðal Norðurlandapjóðanna á þessu sviði. Láta þær hver annarri ýmsar niðurstöður rannsókna í té, skipta með sér ákveðnum rannsóknarefnum, (sbr. skýrsluna, bls. 11, og bls. 13—14). Koma forystumenn á sviði skólabygginga á Noðurlöndum árlega saman til fundar til skiptis í höfuðborgum landanna, næsti fundur t. a. m. á að vera í Reykjavík á ári komanda, 1966.

Í skýrslunni er getið ýmissa rita, sem hafa að geyma niðurstöður rannsókna á þessu sviði í Danmörku. Skal hér bent á nokkur: „Building for Educational Purposes and Estimated Staff Requirements 1961—80“, sem birtist 1962. Kemur þar fram, hve gífurleg fjárfesting hlýtur að verða á þessu sviði í Danmörku á þessu tímabili, hún muni nema d.kr. 4300 milljónum (skýrslan, bls. 1). Nefnd á sviði byggingarrannsókna hefur starfað í tengslum við menntamálaráðuneytið. Nefnd þessi hefur nána samvinnu við „Byggingarrannsóknarstofnun ríkisins“. Hefur hún gefið út rit til leiðbeiningar við skólabyggingar (skýrslan bls. 6—7) og skyld efni, t. a. m. „The Size of the School and Schooldistrict in Rural Municipalities“ (1955), „The School Site“ (1958), „The Classroom — its Function and Design“ (1957) og „Building Prices for Village Schools“.

Enn fremur er lýst í skýrslunni rannsóknum, sem beinast að því að finna leiðir til að lækka byggingarkostnað (skýrslan, bls. 8). Er talinn mikill styrkur að reynslu

Breta í þessum efnum, eins og hún kom fram í skýrslu brezka menntamálaráðherrans á fundi menntamálaráðherra í London 1964.

Áætlanagerð um menntaskóla sérstaklega kemur fram í riti, sem gefið var út 1961 og heitir „Demand for Gymnasium Schools 1980“ (skýrslan bls. 11).

Byggingarrannsóknarnefnd menntamálaráðuneytananna lagði fram skýrslu 1955 um „Gymnasiums, Home-Room System — Subject-Room System“ (bls. 11, neðst), þar sem lagt var til, að framvegis yrðu menntaskólar aðeins byggðir samkvæmt skipulagi sérkennslustofa. Á árunum 1957—59 komu út ritin „Subject-Room Gymnasium I“, þar sem greint var frá tölu og stærð skólastofa í menntaskólum af fjórum mismunandi stærðum. Fáanlegt í handriti er ritið „Subject-Room Gymnasium II“, þar sem nákvæmlega er rætt um tilhögun og tæki í einstökum sérkennslustofum (skýrslan, bls. 12).

Af þessu stutta yfirliti hygg ég, að ráða megi, hve ötullega hefur að þessum málum verið unnið í Danmörku. Er enginn efi á, að margt mættum vér af þessum rannsóknum læra. Er ljóst, að hér duga engin vettlingatök, ef vel á að fara. Að láta skeika að sköpuðu kann ekki góðri lukku að stýra. Horfast verður af fullri einurð í augu við staðreyndir, hversu alvarlegar, sem þær kunna að vera. Æðru-laust raunsæi mun vænlegast til árangurs við lausn þessa vanda.

3. Vinnuaðstaða nemenda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vinnuaðstaða nemenda utan kennslustunda er engin við skóla hérlandis. Að loknum kennslustundum dreifast nemendur, og því miður munu fáir eiga að góðum vinnuskilyrðum að hverfa heima. Ýmisir leita á náðir opinberra bókasafna, þó að þeir séu þar engir auðsúgestir. Samt munu á næstunni vaxa jafnt og þétt þær kröfur, sem gerðar eru til heimavinnu nemenda. Þegar rætt er um breytta kennsluhætti á menntaskólastigi, þá er m. a. átt við með því, að nemendur fái aukið svigrúm til sjálfstæðari vinnubragða en nú. Ef ekki á að sitja hér við orðin tóm, þá er auðsætt, að tryggja verður þeim nemendum, sem þess þurfa, sæmilega vinnuaðstöðu og aðgang að nauðsynlegustu handbókum og öðrum gögnum, er ómissandi mega teljast við lausn verkefna, sem skólinn leggur fyrir þá. Öll rök virðast því hníga að því, að óhjákvæmilegt verði í náinni framtíð að koma upp bókasöfnum fyrir nemendur við menntaskólana. Þar verði fyrir hendi í nægilegum eintakafjölda allar þær handbækur og fræðibækur, sem að beztu manna yfirsýn eiga óhjákvæmilega heima í slíku safni. Við slíkt bókasafn yrði að vera rúmgóður lestrarsalur, þar sem notendum væri tryggð góð aðstaða til vinnu. Auðvitað væri vart hugsanlegt, að tryggja öllum nemendum í fjölmennum skóla sæti í lestrarsal samtímis. Allt ylti því á góðu skipulagi. Hver nemandi ætti að eiga þess kost að vinna að verkefnum sínum á ákveðnum tímum í lestrarsalnum og yrði að fá skírteini um það.

Auðvitað mun mörgum vaxa í augum kostnaður, er leiða mundi af stofnun og rekstri slíkra skólabókasafna. Því verður heldur ekki neitað, að kostnaður yrði óhjákvæmilega mikill. Hins vegar er þessi framkvæmd svo brýn, að vér getum vart undan henni skorast, nema öldum og óbornum til stórtjóns. Bandaríkjamenn telja t. a. m. skólabókasöfn svo mikilvæg, að skólar, sem án þeirra eru, teljast ekki styrkhæfir að dómi sambandsstjórnarinnar í Washington. Þær kröfur, sem gera verður til þekkingar æskulýðsins, fara sí-vaxandi. Liggur mikið við, að hverjum æskumanni verði þessi staðreynd ljós sem fyrst. En ekkert er betur til þess fallið að glæða þekkingarþrá þeirra og styrkja viðleitni þeirra til að ná sem beztum árangri með náminu en vandað og vel skipulagt bókasafn. Á fundum nefndarinnar hefur verið bent á nauðsyn þess, að leiðbeina nemendum í námstækni. Án bókasafns verður slík leiðsögn vart framkvæmanleg.

Félagslíf nemenda hefur löngum átt við örðug skilyrði að búa í skólum hérlandis. Ber mikla nauðsyn til að sinna þeim málum betur en verið hefur. Fyrsta skilyrði til úrbóta er bætt húsnæðisaðstaða fyrir hóp áhugamanna meðal nemenda

um ýmis þroskavænleg og menningarleg efni. Væri einnig afar mikilvægt að veita nemendum leiðbeiningar í félagslegum eignum. Við stóran skóla væri það eitt ærið starf fyrir hæfan kennara.

4. Vinnuaðstaða kennara.

Engum, sem til þekkir, getur blandast hugur um, að léleg vinnuaðstaða kennara í skólum á landi hér, einkum í framhaldsskólum, hefur stórspillt kennslunni og dregið úr eðlilegum árangri hennar. Ef vel á að vera, þarf að undirbúa hverja kennslustund vandlega. Auðvitað er öllum sæmilegum kennurum það fyllilega ljóst. En hætt er við, að lítið verði úr slíkum undirbúningi, ef engin aðstaða er í skólanum til að inna hana af hendi. Fyrir löngu hefur þessi staðreynd verið mönnum ljós í ýmsum öðrum löndum, þar sem bezt er unnið að þessum málum. Þess vegna eru einatt í sambandi við sérkennslustofur vinnuherbergi fyrir kennara með nauðsynlegum handbókum og öðrum gögnum, er snerta þá námsgrein, sem kennd er í stofunni. Auk þess er svo að sjálfsögðu, oftast í sambandi við rúmgóða kennarastofu, almennt handbókasafn til afnota fyrir kennarana. Við hina nýju kennsluhætti mun aukast þörf kennara fyrir gott geymslurými undir alls konar tæki, bækur og önnur gögn, sem notuð eru við kennsluna.

Víða í nýjum erlendum skólum eru einnig sérstök vinnuherbergi fyrir kennara. Þar gefst þeim líka tækifæri til að ræða við einstaka nemendur eða foreldra um ýmis vandamál í sambandi við námið. Ef kennari þarf nú að ræða við nemandan, á hann einskis annars úrkostar en fara með hann út í horn á einhverjum skólaganginum.

5. Vinnuaðstaða skólastjóra

Ef kennarastofa er rúmgóð og vel skipulögð og gott handbókasafn er í sambandi við hana, hefur stórt skref verið stigið til að tryggja skólastjóra sæmileg vinnuskilyrði. Í rúmgóðri kennarastofu á hann þess kost að kveðja saman kennarafundi, og handbókasafn kemur honum einnig í góðar þarfir. Samt verður skrifstofa skólastjóra að vera svo rúmgóð, að hann geti kvatt þar saman fundi, ef þeir eru ekki mjög fjölmennir.

Í hinum stærri skólum vill oft við brenna, að mikið af tíma skólastjóra fari í afgreiðslu á ýmsum smámunum, sem skrifstofustúlka gæti hæglega annast og ætti að annast. Verkefni skólastjóra — og það miklu mikilvægari — eru nóg samt, þó að hann slyppi við að sóa starfsþreki sínu og tíma í að svara í síma og gefa út vottorð um skólavist og þar fram eftir götunum. Þessi einföldu afgreiðslustörf mega ekki byrgja fyrir skólastjóra þá heildarsýn, sem öllum er svo brýn nauðsyn, að hann hafi yfir skólasamfélagið, ef það á að starfa með góðum árangri.

Reykjavík, 6. desember 1965.

Jón Gíslason.

Fylgiskjal V.

Eiga hagnýtar námsgreinar heima í menntaskóla?

Löngum hefur verið gerður strangur greinarmunur á menntaskólunámi (liberal education) og starfsnámi (vocational education). En jafnskjótt og farið er að kryfja málið til mergjar og leita að skýrum markalínum, þá kemur í ljós, að skilin eru ekki eins skörp og margir vilja vera láta. Venjulega er menntaskólamenntun (liberal education) skilgreind á þann veg, að hún hafi sjálf í sér fólgin eigin tilgang, að örva óeigingjarna þekkingarleit og þekkingargleði, en fari hún út fyrir þau mörk og stefni að einhverju leyti að hagnýtum markmiðum, þá hætti hún að vera æðri menntun, þ. e. menntaskólamenntun. Þannig útilokar hún sjálfkrafa alla starfsemi, sem á einhvern hátt á skylt við að sjá sér farborða eða vinna fyrir sér.

Þessar hugmyndir eiga rót sína að rekja til vissra þátta í menningu Grikkja og

Gyðinga. Fæstir borgaranna í hinum forngrísku borgríkjum þurftu að vinna fyrir sér. Þrælar inntu af hendi alla vinnu. Lítið var því niður á líkamlega eða launaða vinnu, enda var hún ekki talin samboðin frjálsbornum mönnum.

Í Gamla testamentinu greinir frá því, að guð hafi lagt á manninn þá refsingu að vinna fyrir sér, neyta brauðs síns í sveita síns andlitis. Þegar maðurinn stóð uppi berskjaldaður í baráttu sinni við náttúruna, úrræðalitill og tómhentur, þá var heldur tæplega við öðru að búast en lítið væri á vinnu sem höl, af því að hún var linnulaust strit. Samt felst í hinni gyðinglegu helgisögu óljós skilningur á því, að það er í rauninni vinnan, sem gerir manninn mennskan. Maðurinn var rekinn úr aldingarðinum Eden, af því að hann sóttist eftir guðlegri þekkingu. Hann varð því að fara að yrkja jörðina, sem hann sjálfur var skapaður úr, leita mannglegrar þekkingar og hamingju á grundvelli vinnu sinnar og fyrirhafnar.

Á síðari tímum hefur menntaskólanám alltaf stefnt að ákveðnu markmiði, þó að innan um hafi jafnan verið nokkrir nemendur, sem aðeins hafa lagt stund á það nám, af því að það var talið fínt. Samt hefur menntaskólanám öldum saman haft mjög hagnýtan tilgang, því að það hefur verið talið nauðsynlegur undirbúningur undir háskólanám. Embættismennirnir, kennarar við æðri skóla og háskóla, prestar, lögfræðingar, læknar o. s. frv. voru og eru enn allir stúdentar. Að andstæðar hinum frjálsu lærdómslistum (*artes liberales*) séu hinar hagnýtu eða gagnlegu námsgreinar, og þess vegna væri hægt að kalla *artes liberales* óhagnýtar eða gagnslausar, mundu jafnvel hinir harðsviruðustu íhaldsmenn á sviði uppeldismála ekki fást til að samþykkja. Fyrr á tímum nægði meira að segja latínuskólánámið eitt til að tryggja mönnum ýmsar stöður, t. a. m. prestsembætti hér á landi. Bessastaðaskóli var t. a. m. að öðrum þræði prestaskóli. Menn, sem þaðan höfðu lokið prófi, gátu umsvifalaust fengið prestvígslu. Sama gilti um latínuskólana á Hólum og í Skálholti, enda voru þeir beinlínis upphaflega stofnaðir til að fullnægja starfsinnahæfni kirkjunnar. Latínuskólar, og síðar menntaskólar, hafa því frá upphafi vega átt mjög hagnýtu hlutverki að gegna á landi hér eins og raunar í öðrum Evrópulöndum. Það væri líka vandséð, hvaða tilgangi sá skóli ætti að þjóna, sem hefði eitthvað annað að meginmarkmiði en gera nemendur sína á sem flestan hátt hæfari til að glíma við vandamál samtíðarinnar, samfélagsins og þeirra sjálfra og auka þeim þannig möguleika á farsælu og árangursríku lífi.

Svo sem kunnugt er, hefur tala stúdenta á landi hér farið hlutfallslega vaxandi um alllangt skeið undanfarið. Er nú svo komið, að um 10% af hverjum árgangi eða aldursflokki þreyta stúdentspróf. Þessi þróun er mjög í samræmi við það, sem er að gerast í þessum efnunum á Norðurlöndum og raunar alls staðar í Vestur-Evrópu. Sums staðar er viðkoma stúdenta jafnvel mun meiri hlutfallslega en hér, t. a. m. í Noregi og Svíþjóð, og gert ráð fyrir, að hún eigi eftir að aukast enn verulega, jafnvel allt upp í 30—40% af árgangi.

Þessi gífurlega aukning á sér ýmsar orsakir. Ein hin helzta er hin almenna velmegun. Miklu fleiri en áður hafa nú efni á að kosta börn sín í skóla. Önnur aðalástæðan er hinar miklu þjóðfélagslegu breytingar, sem vísindi og tækni vorra tíma eru að valda á nær öllum sviðum. Verkefnum fyrir ómenntað eða lítt menntað fólk fer jafnt og þétt fækkandi. Hins vegar verður þörfin fyrir menntað fólk æ meiri, því að háþrúð vísindi og tækni byggjast á þekkingu, sem þeir einir eru færir um að tileinka sér, er átt hafa kost á langri og góðri skólagöngu. Þetta eru svo alkunn og augljós sannindi, að þau hafa ekki farið framhjá öllum þorra manna. Beztu sönnur þess er vaxandi sókn íslenzkrar æsku að öllum framhaldsskólum landsins, og þá ekki sízt að skólum á menntaskólastigi, sem opna henni leið að háskólum og ýmiss konar sérskólum á háskólastigi.

Samt er langt í frá, að allir, sem stúdentsprófi ljúka, haldi áfram námi í háskólum, heldur láta margir þar staðar numið og hverfa að ýmsum störfum á sviði opinberrar þjónustu, viðskipta, framkvæmda o. s. frv., sem of langt yrði upp að telja. Hér skiptir og miklu, að þeim stúlkum fer nú stöðugt fjölgandi, sem ljúka

stúdentsprófi. Giftast þær margar um svipað leyti og stúdentsprófi lýkur og sumar jafnvel fyrr. Minnka þar með líkurnar fyrir háskólanámi þeirra verulega.

Þó að eigi liggi beinlínis fyrir ákveðnar tölur, byggðar á sérstakri rannsókn, þá er óhætt að fullyrða, að talsverður hluti brautskráðra stúdenta lætur staðar numið í námi að stúdentsprófi loknu. Auk þess er kunnara en frá þurfi að segja, að mjög margir þeirra, er innritast í háskóla, hætta námi fyrr eða síðar af ýmsum ástæðum.

Að öllu þessu athuguðu er ljóst, að ný viðhorf á sviði menntaskólastigs hafa skapast. Fræðslan er aðallega miðuð við það að búa nemendur undir háskólanám, þó að talsverður hluti þeirra, já, vaxandi hluti þeirra, fari aldrei í neinn háskóla. Þeir stúdentar, sem láta staðar numið við stúdentspróf eða hætta fyrr eða síðar við háskólanám, hlytu að vera betur settir í lífsbaráttunni, ef menntun þeirra hefði á einhvern hátt verið miðuð við þá staðreynd. Það er of mikil sóun á fé og tíma að verja fjórum dýrmætum æskuárum til náms, sem af eðlilegum ástæðum hefur að ýmsu leyti takmarkað gildi í sambandi við þau störf, er nemendur vinna síðar.

Hér væri hægt að koma fram með þá mótbáru, að fáir nemendur væru búnir að gera það upp við sig fyrirfram, hvort þeir hættu eftir stúdentspróf og því síður væri þá orðið ljóst, hvort þeir gæfust upp við háskólanám. Því er til að svara, að oft kemur allglöggt fram í menntaskóla, hvort nemendur eru vel fallnir til að fást við fræðileg og visindaleg viðfangsefni. Það er t. a. m. kunnara en frá þurfi að segja, að miklu fleiri þyrpast nú í stærðfræðideildir menntaskólanna en þangað eiga nokkurt erindi að námsefni og námskröfum óbreyttum. Verkefnið verða alltof mörgum nemendum þar ofviða. En nemendur, sem stöðugt eru að glíma við viðfangsefni, sem þeir ráða á engan hátt við, verða auðvitað óánægðir bæði með sjálfa sig og aðra. Hygg ég, að sú óánægja, sem stundum hefur gert vart við sig með menntaskólanámið, eigi oft rætur sínar að rekja til nemenda, sem ekki fá þar verkefni við sitt hæfi, eins og málum er þar skipað nú.

Aukinnar fjölbreytni í námsefni á menntaskólastigi er því vissulega brýn þörf. En jafnframt ætti að leggja mikla áherzlu á að styðja nemendur til sjálfsþekkingar, þannig að þeim yrði ljóst, hvaða verksvið ætti bezt við hæfileika þeirra. Ef deilda-skipting á menntaskólastigi á að haldast áfram, þá ætti að auðvelda nemendum að skipta um deild, ef í ljós kæmi, að val þeirra hefði í upphafi verið rangt. Alger sérhæfing kæmi þá í rauninni fyrst til greina síðasta árið í menntaskóla.

Fjölgun námsbrauta á menntaskólastigi hlýtur að miða í rétta átt. Þeim mun fleiri námsbrautir, þeim mun meiri líkur verða fyrir því, að sem flestir finni þar eitthvað við sitt hæfi. Ef gert er ráð fyrir mála-, stærðfræði- og náttúrufræðideildum, þá vantar enn deild eða öllu heldur deildir fyrir þá, sem hætta að loknu stúdentsprófi. Þar virðist deild geta komið í góðar þarfir, sem stefndi að því marki að gera nemendur færa um að gegna ýmsum störfum á skrifstofum ríkis og bæja, í einkafyrirtækjum, ýmiss konar opinberri þjónustu o. s. frv. Þjóðlífið verður æ margbrotnara með hverjum deginum, sem líður, og alltaf eru að skapast nýjar og breyttar þarfir fyrir margs konar þjónustu, sem aðeins vel menntað fólk getur af hendi leyst. Fyrir kvenfólk, t. a. m., sem, eins og áður var getið, verður oft vegna giftingar og barneigna að hætta námi um stúdentspróf, gæti hagnýt þekking á skrifstofustörfum komið að góðu haldi síðar, er aðstæður þeirra breyttust þannig, að þær gætu farið að taka upp aftur störf utan heimilis. Er víða erlendis, þar sem skortur er á vinnuafli, lögð áherzla á, að þessi vinnukraftur giftra kvenna, sem aflögu eiga tíma frá heimilisstörfum, nýtist sem bezt. Hve mikilvægt þetta atriði er hér hjá oss, má bezt af því marka, að brátt mun að því reka, að helmingur brautskráðra stúdenta verði konur. Grundvallarþekking á rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði mundi einnig koma mörgum piltum að góðu gagni. Vélritun ætti að vera skyldugrein fyrir alla nemendur menntaskólanna. Nú á tímum getur sá maður tæplega talizt fullkomlega skrifandi, sem ekki kann vélritun. Þau hagnýtu fræði, sem nú voru talin, virðast bezt eiga heima í þjóðfélagsfræðadeild. Þó mundi nám í slíkri

deild jafnframt stefna að því að verða góður undirbúningur undir nám í viðskiptafræði og hagfræði á háskólastigi. Hvernig á nú að samræma þessi sjónarmið, hið hagnýta og hið fræðilega?

Hin almenna menntun, sem hægt er að afla sér á menntaskólastigi, er þörf, þó að hana væri vafalaust hægt að bæta á ýmsan hátt, enda er ekki nema eðlilegt og sjálfsgagt, að hún sé endurskoðuð alltaf við og við og tillit tekið til breyttra viðhorfa hverju sinni. Öllum ber nú saman um, að gildi almennrar menntunar hafi aukizt, en ekki minnkað á þessari öld sérhæfingarinnar. Framfarir og breytingar í atvinnu- og þjóðlífi verða svo örur, að margir munu verða að skipta um starf kannski tvisvar eða þrisvar á æfinni. Slík umskipti krefjast mikillar aðlögunarhæfni, en ekkert eykur hana meir en góð almenn menntun. Allir nemendur menntaskólanna eiga því að fá riflegan skammt af traustri almennri menntun. Haldgóð almenn menntun er hin bezta undirstaða fyrir sérhæfingu.

Hvenær og hvernig á þá að fara að sveigja námið svo um muni í ákveðna, hagnýta átt? Bezta tækifærið til þess virðist vera síðasta árið í menntaskóla, er allir nemendur þar ættu að vera búnir að fá góða undirstöðu, að því er snertir almenna menntun. Þá ætti einnig að vera farið að skýrast fyrir nemendum, hvort þeir hefðu hæfileika til háskólanáms eða áhuga á því, eða hvort þeir kysu fremur að snúa sér að hagnýtum verkefnum. Þeir, sem bezt væru fallnir til háskólanáms, bæði sakir áhuga og hæfileika í þá átt, mundu síðasta árið í menntaskóla fá sjálfstæð verkefni að glíma við í sínum fræðigreinum. Hinir, sem meiri áhuga hefðu á hagnýtum efnum, ættu að fá tækifæri til að spreyta sig á þeim.

Það er því tillaga vor, að hver hinna fjögurra fyrirhuguðu deilda menntaskólanna, mála-, stærðfræði-, náttúrufræði- og þjóðfélagsfræðideild skiptist á fjórða ári í tvöns konar námsbrautir. Beinist önnur námsbrautin aðallega í fræðilega og vísindalega átt. Hin leggi meiri áherzlu á hagnýt viðfangsefni innan síns sérsviðs. Áður hefur verið vikið að hagnýtri námsbraut, er miði kennslu við þarfir ýmiss konar opinberrar þjónustu og viðskiptalífsins. En engu síður væri hægt að hugsa sér hagnýta námsbraut innan stærðfræðideildar, þar sem viðfangsefni væru við það miðuð, að nemendur þaðan gætu farið í ýmiss konar iðnfræði- eða tækni-fræðilegt nám, gætu tekið að sér aðstoðarstörf í rannsóknarstofum, mælingastörf o. s. frv. Hagnýt námsbraut í máladeild gæti t. a. m. stefnt að því að æfa nemendur í innlendum og erlendum bréfaskriftum, blaðamennsku, þýðingum, leiðsögn erlendra ferðamanna, störfum á ferðaskrifstofum, gistihúsum, farþegaflugvélum, farþegaskipum o. s. frv. Hagnýt námsbraut í náttúrufræðideild gæti t. a. m. beint að verkefnum í garðrækt, búskap, aðstoðarstörfum við náttúrufræðirannsóknir o. s. frv. Sérfróðir menn, hver á sínu sviði, mundu verða að ákveða verkefni hinna hagnýtu námsbrauta í 6. bekk, ekki síður en hinna fræðilegu og vísindalegu.

Eins og áður var tekið fram, fer hlutur kvenfólksins í hinni árlegu stúdenta-fjölgun vaxandi. Einnig var tekið fram, að ekki væri óalgengt, að þær giftust um það leyti, sem þær lykju stúdentsprófi. Sumar verða jafnvel mæður á menntaskóla-árunum. Auðvitað hafa þessar verðandi mæður og húsfreyjur lítinn eða engan undirbúning fengið til að gegna þessum mikilvægu hlutverkum. Þess vegna væri réttmætt og tímabært að bera fram þá spurningu, hvort eigi ætti á einhvern hátt að stuðla að því með fræðslu á menntaskólastiginu, að þær yrðu þessum vanda betur vaxnar eða a. m. k. betur við honum búnar en ella. Jafnvel þó að ekki væri um annað að ræða en vandaða fræðslu um fjölskylduna og hjónabandið, uppeldi barna o. s. frv., þá kæmi sú fræðsla áreiðanlega í góðar þarfir síðar. Aðsókn ungs fólks að nám-skeiðum Félagsmálastofnunarinnar um þjóðfélagsleg efni eins og þau, sem nú var á drepið, sýna, að hér ber nauðsyn til að bæta úr brýnni þörf. Slík fræðsla mundi geta orðið til þess, að unga fólkið kynni betur en ella fótum sínum forráð, þegar út í lífið kemur.

Skólarnir eru og eiga að vera aflstöðvar, þar sem þjóðin endurnýjast andlega. En því betur mun þeim takast, sem þeir gera sér gleggri grein fyrir þörfum sam-

tíðar og framtíðar. Þeir verða sjálfir að endurnýjast með hverri nýrri kynslóð. Þar mega raddir vorsins aldrei þagna.

Reykjavík, 6. des. 1965.

Jón Gíslason.

Fylgiskjal VI a.

Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar. —

Í upphafi voru sumir nefndarmenn á þeirri skoðun, að æskilegt væri að verða við málaleitun Kvennaskólans, vegna langrar og góðrar sögu hans og þess álits, er hann nýtur. Hins vegar komu í ljós við umræður nefndarmanna ýmis veigamikil rök, er mæla á móti því, að svo sé gert. Skulu hér talin hin helztu:

1. Með því móti yrði horfið frá þeirri meginreglu um aðskilnað menntaskóla og gagnfræðaskóla, sem mótuð var í fræðslulögunum 1946, reglu, sem menntaskólarinn börðust gegn á sínum tíma. Virðist því hæpið, að unnt sé að leyfa einum skóla að brjóta þessa reglu, nema því aðeins að hún sé endurskoðuð í heild og aðrir skólar látnir njóta sömu réttinda.

2. Samkvæmt fræðslulögunum og reglugerð menntaskólanna eiga þeir að vera samskólar. Þróunin erlendis stefnir til samskóla. Hérlandis hefur heldur ekkert komið fram, er gefi tilefni til þess að hverfa frá þeirri meginreglu, að menntaskólar séu samskólar.

3. Í áætlun skólanefndar Kvennaskólans er gert ráð fyrir að í menntadeildinni verði hver árgangur einn bekkur óskiptur, en skólinn að öðru leyti óbreyttur. Undanfarin ár hefur aðeins ein bekkjardeild Kvennaskólans lokið landsprófi á ári. Reynslan hefur leitt í ljós, að þessar stúlkur skiptast milli deilda þannig, að $\frac{1}{2}$ — $\frac{2}{3}$ fara í máladeild, hinar í stærðfræðideild. (Af alls 67 stúlkum, er stóðust landspróf í Kvennaskólanum árin 1964, 1965 og 1966, eru nú 52 við nám í menntaskólum í Reykjavík. Þar af eru 29 í máladeild, en 23 í stærðfræðideild). Með aukinni deildaskiptingu menntaskólanna mundi þessi dreifing verða enn meiri. Eru því miklar líkur á, að réttindaveiting Kvennaskólanum til handa mundi eigi ná þeim megin-tilgangi, er fyrir skólanefndinni vakir: að halda nemendum í sama skóla til stúdentsprófs.

4. Nú mætti hugsa sér, að skólinn fengi aðra nemendur (stúlkur) í stað þeirra, er hverfa myndu á brott vegna deildavals (sbr. 3.). Sú tilhögun mundi skapa ný vandamál: nemendum er skipt í þá tvo menntaskóla, sem fyrir eru í Reykjavík, eftir búsetu, og hvort sem aðsókn nemenda, er ljúka landsprófi við aðra gagnfræðaskóla, að stúdenteild Kvennaskólans yrði of mikil eða of lítil til að fylla eina bekkjardeild, yrði forráðamönnum skólanna nokkur vandi á höndum, því að mjög er vafasamt að Kvennaskólanum bættist réttur fjöldi með algerlega frjálsum vali nemendanna sjálfra.

5. Á sama hátt og sú skólastærð, sem hér um ræðir, er óheppileg gagnvart nemendum: hún býður upp á of fáar námsleiðir, þá er hún einnig óheppilega lítil miðað við góða nýtingu kennara. Hætt er við, að meiri hluti kennslunnar yrði í höndum stundakennara, vegna þess að eigi eru næg verkefni fyrir fastakennara í hverri grein.

6. Kvennaskólinn hefur um langt árabil valið nemendur inn í skólann. Væru honum fengin réttindi til þess að brautskrá stúdenta, er ekki ósennilegt, að þeir menntaskólar, sem fyrir eru, mundu fara fram á slík réttindi sér til handa, eða að þeim þætti ekki allir menntaskólarir sitja við sama borð að þessu leyti.

Með tilliti til merkrar sögu Kvennaskólans er eðlilegt, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og í betra samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Hins vegar virðist

nefndinni, að í þeirri leit hafi forráðamenn skólans bundið sig um of við núverandi tilhögun þeirra menntaskóla, sem fyrir eru í landinu. Það skal skýrt fram tekið, að allir nefndarmenn eru sammála um að styrkja beri Kvennaskólann til þess að gegna því hlutverki sem bezt að efla menntun kvenna til munns og handa og vinna á ný brautryðjandastarf í þeim efnum. Í landinu er vaxandi þörf á vel menntuðum konum til margvíslegra starfa, sem háskólamenntun er ekki bezt undirbúningur undir, þótt þau krefjist mikillar almennrar menntunar og verulegrar sérmenntunar. Hér verða þó eigi settar fram neinar ábendingar um slíkt, þar sem það væri eigi í verkahring nefndarinnar.

13. febrúar 1968.

Jóhann S. Hannesson.
Einar Magnússon.

Ármann Snævarr.
Guðm. Arnlaugsson.

Steindór Steindórsson.
Broddi Jóhannesson.

Fylgiskjal VI b.

Beiðni Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Sérálit Birgis Thorlacius í menntaskólanefnd. —
(Stutt af dr. Jóni Gíslasyni.)

Í aprilmánuði 1963 kom sú hugmynd fram opinberlega að veita bæri Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að brautskrá stúdenta (Ársrit Kvenréttindafélags Íslands, „19. júní“).

Á fundi í menntaskólanefnd 4. febrúar 1966 vakti ég máls á því, hvort ekki væri æskilegt að setja í lög heimild um sérstakan kvennamenntaskóla, en fundarmenn voru hugmyndinni yfirleitt andvígir.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 1966, lét menntamálaráðherra leita umsagnar menntaskólanefndar um eftirgreind erindi Kvennaskólans:

1. að Kvennaskólinn fái réttindi til að brautskrá stúdenta,
2. að fé verði veitt í fjárlögum ársins 1967 til viðbótarbyggingar við skólann og
3. að skólinn fái leyfi til að undirbúa viðbótarbyggingu og hefja sem fyrst framkvæmdir fyrir eigið fé.

Menntaskólanefnd tók erindið til meðferðar á fundi 10. september 1966 og var eftirfarandi bókun gerð um niðurstöður umræðnanna:

„Nefndin telur, að meðal meginatriða í skólaskipan landsins sé, að menntaskólar séu samskólar og aðskildir frá gagnfræðastiginu. Fyrir því leyfir nefndin sér að spyrjast fyrir um, hvort fyrirhugað sé að hverfa frá þessum megin sjónarmiðum, og jafnframt óskar nefndin eftir greinargerð um væntanlega stærð og starfshætti í Kvennaskólanum, ef hann öðlast réttindi til að brautskrá stúdenta.

Við afgreiðslu málsins voru þessir nefndarmenn fjarstaddir: Ármann Snævarr, Birgir Thorlacius og Þórarinn Björnsson.“

Þetta tilkynnti menntaskólanefnd menntamálaráðuneytinu í bréfi, dags. 8. nóvember 1966. Lagði ég bréf þetta næsta dag fyrir menntamálaráðherra með svofelldri áritun um mína afstöðu, þar sem ég hafði ekki verið á fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt: „Ég hef oftast en einu sinni hreyft því í nefndinni, að ég teldi Kvennaskólann eiga að fá réttindi til að brautskrá stúdenta.“

Nú hefur mál þetta á ný komið til nefndarinnar fyrir tilmæli skólanefndar og skólastjóra Kvennaskólans í bréfi, dags. 9. þ. m. Skólastjórinn, frú Guðrún P. Helgadóttir, og skólanefndin, frú Sigríður Briem Thorsteinsson, formaður, frú Ásta Björnsdóttir og frú Halldóra Einarsdóttir, komu á fund menntaskólanefndar í skrifstofu Kennaraskóla Íslands 16. þ. m. og var erindi Kvennaskólans rætt þar alltarlega, bæði meðan skólastjóri og skólanefnd sátu fundinn og eins eftir að frúrnar höfðu vikið af fundi.

Af nefndarmönnum voru þeir Þórarinn Björnsson og dr. Jón Gíslason fjarverandi, en fundinn sóttu: Formaðurinn, Jóhann S. Hannesson, skólameistari, Ármann Snævarr, háskólarektor, Einar Magnússon, rektor Menntaskólans í Reykjavík, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskólans, Guðmundur Arnlaugsson, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Árni Gunnarsson, stjórnarráðsfulltrúi, ritari nefndarinnar, og undirritaður.

Þeir meðnefndarmenn mínir, sem fundinn sóttu, leggja allir gegn því að Kvennaskólinn fái réttindi til að brautskrá stúdenta, en ég er nú sem fyrr þeirrar skoðunar, að skólinn eigi að öðlast umbeðin réttindi.

Gegn því að veita Kvennaskólanum umrædd réttindi hafa komið fram þau höfuðrök, að samskólar pilta og stúlkna séu æskilegri en sérskólar og gangi þróunin í þá átt erlendis, að sérskólum fækki.

Þótt samskólar kunni að vera æskilegri, einkum að því er varðar heimavistar-skóla, þá er hér á landi fjöldi sérskóla fyrir pilta og stúlkur, án þess að að hafi verið fundið eða litið á sem óæskilegt. Má þar nefna Húsmæðrakennarskóla Íslands, Hjúkrunarskóla Íslands, bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og marga fleiri skóla mætti telja. Að vísu er ekki bannað, að piltar stundi nám í Húsmæðrakennarskólanum og í Hjúkrunarskólanum hafa örfáir piltar verið við nám og nokkrar stúlkur hafa stundað nám í bændaskólunum, en í reynd má þó segja, að þetta séu sérskólar. Aftur á móti hafa stúlkur, sem stunda nám í Menntaskólanum í Reykjavík og koma þangað m. a. úr Kvennaskólanum, verið flokkaðar saman í stúlkna-bekki og þannig myndað sérdeildir, sem nú er talið óheppilegt að efna til í fyrirhugaðri lærdómsdeild Kvennaskólans.

Gæti þetta bent til, að skoðanir skólamanna á því, hvort sérskólar pilta og stúlkna séu æskilegir eða óæskilegir, séu nokkuð á reiki.

Höfuðrökin fyrir því að veita Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til þess að brautskrá stúdenta eru að mínu áliti í fyrsta lagi þau, að sýnilega þarf fleiri menntaskóla í Reykjavík alveg á næstunni og þá eðlilegt að heimila fastmótaðri skólastofnun, nálega aldargamalli, sem nýtur mikils álits og hefur um langt skeið gegnt merku hlutverki, að auka starfssvið sitt og skipa sér í hóp þeirra skóla, sem veita undirbúning undir háskólanám. Í öðru lagi tel ég, að fleiri af nemendum Kvennaskólans myndu ljúka stúdentsprófi, ef þær gætu stundað námið áfram við sinn gamla skóla, en ég tel mikilsvert, að sem flestar stúlkur ljúki stúdentsprófi.

Sjaldan hafa nýir menntaskólar tekið til starfa án þess að andófs gætti úr einhverri átt og er stofnun Menntaskólans á Akureyri glöggur vottur um það. Hins vegar höfum við ágætt dæmi um það, þar sem Kennaraskóli Íslands er, hvíllik efling það er skólum að hljóta réttindi til þess að brautskrá stúdenta. Engum blöðum er um það að fletta, að fleiri menntaskólar munu bætast hér við á næstunni, enda hefur þegar verið mörkuð sú stefna í lögum um menntaskóla. Við aukinn skilning á nauðsyn góðrar almennrar menntunar og sérmenntunar og við vaxandi fjárráð almennings hefur fjöldi þeirra, sem keppa að stúdentsmenntun og háskólamenntun vaxið til muna. Þótt menn greini á um námsefni menntaskólanna, þá er það staðreynd, að stúdentspróf er lykill að háskólamenntun heima og erlendis, sem eðlilegt og nauðsynlegt er að ungt fólk sækist eftir og foreldrarnir kappkosti að veita börnum sínum. Þótt því sé iðulega haldið fram, að stúlkum henti annað nám betur en stúdentsmenntun af því að svo fáar þeirra ljúki háskólaprófi, þá má ekki vanmeta þau áhrif, sem velmenntuð húsmóðir hefur á heimili sitt og umhverfi og því betri almenna menntun, sem menn fá, því betri skilyrði eiga menn að hafa til fyllra og ánægjulegra lífs.

Ef Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til að brautskrá stúdenta, myndi námsefni hans þegar fram liðu stundir vafalaust verða þannig, að auk þess að veita þá menntun, sem krafizt er til inngöngu í háskóla hér og erlendis, yrði áherzla lögð á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna, enda má gera ráð fyrir, að í framtíðinni verði námsefni hinna ýmsu menntaskóla landsins meir sitt með hverju

móti en nú er. Hins vegar ber að leggja sérstaka áherzlu á það í þessu sambandi, að engin kvennaskólastúlka yrði þvinguð til þess að halda áfram námi í þeim skóla, ef hún kysi fremur að leita í einhvern samskólanna til að ljúka menntaskólanámi, og Kvennaskólinn tæki að sjálfsögðu við stúlkum frá öðrum skólum.

Fram hjá því verður ekki horft, að stúdentspróf er tvímælalaust eftirsóknarverður menntunaráfangi, ekki sízt vegna þeirrar aðstöðu, sem það veitir til að hefja sérfræðinám, t. d. kennaranám eða háskólanám, hvenær sem er síðar á ævinni, auk þess sem stúdentsprófið sjálft er viðurkennt af Þjóðfélaginu sem mikilsverð trygging fyrir góðri almennri menntun. Þetta mun óhjákvæmilega beina ungu fólki í vaxandi mæli að því að ljúka stúdentsprófi og tel ég beiðni Kvennaskólans í Reykjavík um stúdentsréttindi í fullu samræmi við eðlilega þróun í þessu efni. Réttindi Kvennaskólans til þess að brautskrá stúdenta myndu vafalaust leiða til þess, að fleiri stúlkur en nú lykju stúdentsprófi og tel ég það eitt út af fyrir sig mikilsverða röksemd fyrir því að veita umbeðin réttindi og hlutaðeigandi einstaklingum og þjóðfélaginu í heild til hagsbóta.

Í umræðum um þetta mál í menntaskólanefnd hefur komið fram, að Háskóli Íslands sé nú lítt fær um að taka við mjög auknum fjölda stúdenta frá því sem er. Ég get ekki fallið á, að sú röksemd eigi að hafa áhrif á þetta mál, því að þar er um að ræða vandamál, sem leysa verður með öðrum hætti en þeim að stöðva vaxandi straum þeirra, sem ljúka vilja stúdentsprófi.

Einnig hefur því verið haldið fram sem mótrökum, að samfelldur skóli, frá lokum barnaprófs til stúdentsprófs, þekkist ekki í núverandi skólakerfi og myndi Kvennaskólinn þarna fá algera sérstöðu. Mér er ekki ljóst, að þetta feli í sér neina hættu, enda er slíkt fyrirkomulag ekki fordæmislaust, því að Menntaskólinn á Akureyri hafði um skeið gagnfræðadeild eftir að núgildandi skólakerfi var löglegt árið 1946, þótt skólinn hyrfi frá því síðar, þegar nemendafjöldi hans óx. Aftur á móti er annar skóli, sem menntaskólaréttindi hefur, Verzlunarskóli Íslands, með miklu meiri sérstöðu, þar sem unnt er að ljúka stúdentsprófi við þann skóla, án þess að taka landspróf, og virðist ekki hafa komið að sök.

Því hefur einnig verið haldið fram, að Kvennaskólinn ætti að brjóta nýja braut í stað þess að sækjast eftir að brautskrá stúdenta. Eins og nú er háttað er þetta ekki auðvelt, því að fólk, sem vel er fallið til náms, sækir fremur eftir að öðlast viðurkennd prófstig og þau réttindi, sem þeim fylgja, eins og stúdentspróf, heldur en leggja á óljósar og óreyndar leiðir. En sem menntaskóli myndi Kvennaskólinn geta rutt nýjar brautir í frábrugðnu námsefni frá öðrum menntaskólum, þó þannig að það rýrði ekki gildi stúdentsprófs skólans til inngöngu í háskóla.

Á menntaskólastigi er nú unnið að allmörgum byggingaframkvæmdum. Nýlokið er smíði sérkennsluhúss við Menntaskólann við Lækjargötu í Reykjavík. Sams konar hús er í smíðum við Menntaskólann á Akureyri. Lókið er 1. áfanga menntaskóla-byggingar við Hamrahlíð í Reykjavík, 2. og 3. áfangi í smíðum og um 4. áfanga verður væntanlega hafizt handa í vor. Að Laugarvatni hefur verið unnið árlega eftir ákveðinni áætlun, sem nær yfir árin 1964—1971, og miðar að því að stækka skólann í 200 nemenda skóla innan ársloka 1971. Í lögum nr. 56/1965, um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, er heimild til stofnunar menntaskóla austanlands og vestan og til stofnunar fleiri menntaskóla í Reykjavík og nágrenni.

Þótt lókið verði byggingaframkvæmdum við Menntaskólann við Hamrahlíð á eðlilegum tíma, þá er sýnilegt, að hefjast þarf handa um nýjan menntaskóla í Reykjavík alveg á næstunni vegna þess, hve þjóðfélagið stækkar ört og hlutfallstala þeirra þó meir, sem æskja að ljúka stúdentsprófi.

Ég tel öll rök hníga að því, að veita beri Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til þess að brautskrá stúdenta og legg eindregið til, að svo verði gert.

Reykjavík, 24. janúar 1968.

Birgir Thorlacius.